

skýra ber réttarstöðu varnaraðilja í því sambandi með hliðsjón af ákvæðum 5. kapitula skiptalaga nr. 3/1878, sbr. og 47. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20/1923, enda verður að telja, að varnaraðili hafi í raun ábyrgst skuldir búsins.

Til grundvallar skiptameðferðinni ber því að leggja stöðu búsins, eins og hún var við upphaf skipta hinn 14. desember 1949 og án tillits til þess, sem varnaraðili hefur síðar eignast.

Líta ber því á uppskriftargerðina frá 14. desember 1949 sem grundvöll við skipti búsins nú.

Samkvæmt framansögðu verður eigi fallist á þá kröfu sóknaraðilja, að uppskrift fari fram að nýju, og ber að synja þeirri kröfu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Kröfu sóknaraðilja, Ingibjargar Eggertsdóttur, um opinbera uppskrift og virðingargerð á dánar- og félagsbúi Önnu-Sigurðardóttur og eftirlifandi maka, Eggerts Ó. Sigurðssonar, er synjað.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 26. mars 1980.

Nr. 38/1976. **Einar Th. Hallgrímsson**

(Sigurður Reynir Pétursson hrl.)

gegn

Ólafi Ragnari Sigurðssyni

Karli Helgasyni og

Magnúsi Ásgeirssyni

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 19. febrúar 1976. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt 19.007.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 17. mars 1970 til 15. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 29. desember 1976. Þá krefst áfrýjandi „sjóveðréttar í skipsbúnaði m/b Guðmundar Þórðarsonar áður RE 70“ til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ýmis ný gögn.

Áfrýjandi fékk 26. september 1977 dómkvadda tvo menn til að skoða aðstæður um borð í v/b Guðmundi Þórðarsyni við járnhurð þá, sem lokar bakborðsgangi. Var þess óskað, að hinir dómkvöddu menn gæfu svör við þessum spurningum:

„1. Telja þeir útilokað, að Einar Hallgrímsson hafi getað orðið fyrir umræddu axlar- og höfuðhöggi af járnhurðinni á þann hátt, sem vitni skýra frá, og við þær aðstæður, sem í gögnum málsins greinir.

2. Ef slíkt telst útilokað, hvernig þeir geti hugsað sér, að hurðin hafi lent á öxl og höfði Einars“.

Í ítarlegri álitargerð hinna dómkvöddu manna, Garðars Pálssonar skipherra og Jóns B. Hafsteinssonar skipaverkfræðings, 20. nóvember 1977 segir, „að ekki sé útilokað, að Einar Hallgrímsson hafi getað orðið fyrir umræddu axlar- og höfuðhöggi við það, að stálhurðin lenti á honum“. Hinir dómkvöddu menn hafa staðfest álitargerð sína fyrir dómi.

Lagt hefur verið fram bréf frá Ole B. Styri yfirlækni, dags. 18. nóvember 1977. Í bréfi þessu segir m. a. svo í íslenskri þýðingu:

„Ég hef litið yfir allstutta greinargerð mína frá 23. október 1970. Mér finnst það koma skýrt fram í yfirlýsingu minni,

að ég taldi, að yfirgnæfandi líkur bentu til, að áverki (trauma) hefði verið ástæðan til þess, að æðapokinn myndast. Meðfæddir aneurysmar eru oft pokalaga, en þeir, sem eru til komnir vegna áverka, eru oft „fusiforme“ eins og sá, er kom í ljós hjá Hallgrímssyni. Þegar um er að ræða snúningsáverka (rotasjonstrauma) á höfuð, eru auknar líkur á þrýstingi í æðum og heilavef um aftari rönd fremri hluta falx cerebris (bakre margo av falx cerebris fremre parti). Skemmda æðin liggur einmitt þarna nálægt.

Þetta er sjaldgæft ástand, það verður að viðurkenna. Það er m. a. á 20 árum búið að safna saman skýrslum frá 1954 um 850 tilfelli af aneurysmum frá General Hospital í Toronto, og eiga aðeins fjögur þeirra með vissu rót sína að rekja til áverka (5%). Þetta er þó þekkt fyrirbæri, þar sem O. Bollinger lýsti slíku ásigkomulagi þegar árið 1891 í „Beitrag zur Lehre von der Hirnerschütterung in Festschrift Rudolf Virchow“ . . . Hvað sjálfum mér viðvíkur, þá hef ég starfað að heilaskurðlækningum frá árinu 1954 og get aðeins bent á tvö slík tilfelli, svo það liggur í augum uppi, að slíkt getur ekki talist til almennrar læknisfræðilegrar þekkingar“.

Þá hefur verið lagt fram bréf frá Ólafi Hallgrímssyni, sérfræðingi í geð- og taugasjúkdómum, bróður áfrýjanda, og tímaritsgrein úr sérfræðitímaritinu Surgical Neurology um flýsjugúlp á hjartaslagæð af völdum áverka.

Í vottorði Páls Sigurðssonar læknis 13. mars 1980, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, kemur fram, að heilsa áfrýjanda er óbreytt og hann alger öryrki.

Með úrskurði Hæstaréttar 15. mars 1979 var málið enn lagt fyrir Læknaráð. Var óskað svars ráðsins við þessum spurningum:

„1. Telur Læknaráð enn „yfirgnæfandi líkur“ á, að blæðing sú, er Einar Th. Hallgrímsson fékk hinn 17. mars 1970, sé afleiðing af höfuðhöggi?

2. Eru þess dæmi, að menn hafi fengið blæðingu á sama stað og Einar, þ. e. frá æðinni arteria anterior communis, af höfuðhöggi?“

Í tillögu réttarmáladeildar Læknaráðs 15. nóvember 1979,

sem staðfest var sem ályktun Læknaráðs 28. desember 1979, er spurningum þessum þannig svarað:

„Ad. 1: Lýsing á röntgenmyndum, sem teknar voru á Neurologisk Afdeling, Rikshospitalet, Oslo (sbr. m. a. bréf þeirrar stofnunar, dags. 20. 10. 1970), samrýmist því, að æðaskemmd sú, sem olli blæðingu milli heilahimna (hæmmorhagia subarachnoidale), hafi orsakast af höfuðhöggi. Lýsing á ofangreindum röntgenmyndum samrýmist því hins vegar ekki, að um meðfæddan æðagúlp (aneurysma congenita sacculare) hafi verið að ræða. Þá verður að teljast mjög ólíklegt, að æðakölkun hafi legið hér að baki, m. a. miðað við aldur sjúklingsins. Niðurstaðan verður því sú, að líklegast verður að telja, að ofangreind blæðing milli heilahimna hafi hlotist af höfuðhöggi.

Ad. 2: Æðin arteria anterior communicans („communis“) er örlítill hluti af Circulus Willisi (tengir saman vinstri og hægri arteria cerebri anterior) og þeim aðalslagæðastofnum, sem frá Circulus Willisi ganga, en í æðakerfi þessu hefur verið lýst æðagúlpum, sem hlotist hafa af höfuðhöggum (aneurysmata traumatica). Í bréfi frá Neurologisk Afdeling, dags. 20. 10. 1970, er sagt, að skemmdin liggi í arteria cerebri anterior á A_1 — A_2 svæðinu, en í þessari æð sérstaklega hefur verið lýst æðagúlpum, sem hlotist hafa af höfuðhöggum (aneurysmata traumatica).“

Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur hefur 30. nóvember 1978 enn reiknað með líkindatölum tjón áfrýjanda vegna örorku hans, þar sem tekið er tillit til breytinga þeirra, sem orðið hafa á kauplagi hér á landi frá þeim tíma, er síðasti reikningur var gerður.

Fyrir Hæstarétti var upplýst, að v/b Guðmundur Þórðarson, RE 70, hafi nú verið strikaður út af skipaskrá og eyðilagður.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð yfirlýsing áfrýjanda um, að eiginkona hans hafi haft umboð hans til að höfða málið fyrir hans hönd. Hafa vottar staðfest undirritun áfrýjanda undir yfirlýsinguna og að hann hafi gert sér grein fyrir efni

hennar. Eru engin andmæli höfð uppi gegn þessum máls-sóknarhætti.

Leggja verður til grundvallar álitsgerð þeirra Garðars Pálssonar skipherra og Jóns B. Hafsteinssonar skipaverk-fræðings um, að „ekki sé útilokað“, að áfrýjandi hafi getað orðið fyrir axlar- og höfuðhöggi af járnhurð þeirri, er í mál-inu greinir.

Til frásagnar um, að áfrýjandi hafi orðið fyrir höfuðhöggi af umræddri járnhurð, líklega hinn 10. mars 1970, eru nokkr-ir skipsfélaga hans. Eru skýrslur þeirra um þetta atriði rakt-ar í hinum áfrýjaða dómi. Í þeim skýrslum kemur fram, að enginn skipverjanna var sjálfur sjónarvottur að þeim at-burði, sem þeir segja frá. Byggja þeir vitneskju sína um höfuðhögg áfrýjanda á öðru, svo sem ummælum hver ann-ars eða ályktunum, sem þeir drógu af háttarni áfrýjanda eða kvörtunum hans um höfuðverk og lasleika. Sumir þeirra hafa þó vísað til ummæla áfrýjanda sjálfs um höfuðhögg, sem hann hafi orðið fyrir. Svo sem nánar kemur fram í hin-um áfrýjaða dómi, eru vættin þó ekki afdráttarlaus um frá-sögn áfrýjanda. Dregur þetta allt úr sönnunargildi vitna-framburðanna um, að áfrýjandi hafi orðið fyrir höfuðhöggi.

Áfrýjandi greindi ekki sjálfur skipstjórnarmönnum frá því á einn eða annan hátt, að hann hefði orðið fyrir meiðsl-um af hurðinni, og ekki heldur skipverjar, fyrr en eftir að áfrýjandi veiktist og upp kom sú tilgáta meðal þeirra, að veikindi hans mætti rekja til þess, að hann hefði orðið fyrir höfuðhöggi. Þá er ekki heldur neitt komið fram í málinu um það, að áfrýjandi hafi getið þess, er hann var á sjúkrahús-inu í Keflavík eða á Landspítalanum, taugasjúkdómadeild, að hann hefði nýlega orðið fyrir höfuðhöggi, sem valdið hefði honum höfuðverk og öðrum óþægindum. Var þó sjúkra-saga áfrýjanda skráð eftir honum sjálfum við komu hans á deildina 19. mars 1970. Var áfrýjandi þá „skýr í hugsun, vak-andi, alveg orienteraður“, að því er segir í sjúkraskýrslu. En þar sem ekki verður séð, að áfrýjandi hafi verið sérstak-lega um það spurður, hvort hann hefði orðið fyrir höfuðhöggi,

er þó óvarlegt að draga viðtækari sjálfstæða ályktun af þögn hans um þetta atriði en þá, að ólíklegt sé, að hann hafi á þessum tíma sett veikindi sín í samband við höfuðhögg.

Bókun í sjúkraskýrslu taugasjúkdómadeildar 23. mars 1970, sem orðrétt er greind í héraðsdómi, styðst bersýnilega við frásögn einhvers annars en áfrýjanda sjálfs, þar sem hann var á þessum tíma farinn á Ríkissjúkrahúsið í Osló. Hefur hún því ekki sjálfstætt sönnunargildi um, að áfrýjandi hafi orðið fyrir höfuðhöggi.

Í sjúkraskýrslu Ríkissjúkrahússins í Osló, taugasjúkdómadeildar I, hinn 21. mars 1970, en þann dag kom áfrýjandi í sjúkrahúsið, er eftirfarandi skráð um höfuðhögg, sem hann kunni að hafa fengið: „ . . . Det foreligger opplysninger om at pasienten fikk en dør, som løsnat, slengt på seg og denne traff ham angivelig i skulderen, men angivelig ikke i hodet“. Kemur fram í skýrslunni, að áfrýjandi hefur verið spurður um og sjálfur gefið upplýsingar um heilsuhagi sína. Við mat á þeim upplýsingum, er áfrýjandi þá gaf, ber að hafa í huga það, sem í sömu skýrslu segir: „Pasienten virker ved innkomsten somnolent, men klar for sted, tid og situasjon“. Einnig ber að hafa í huga, að það var íslenskur læknir, bróðir áfrýjanda, sem skýrslu tók af honum við komu hans á sjúkrahúsið.

Í sömu bókun er þetta haft eftir áfrýjanda: „Pasienten har ikke tidligere vært plaget av hodepine. Han opplyser dog at han siste måned før det aktuelle intraff av og til kjente noe ubehag i hodet når det var dårlig sjø.“ Bendir þetta til þess, að höfuðverkur, sem skipverjar tala um, að áfrýjandi hafi kvartað yfir, áður en hann veiktist, hafi ekki hlotist af höggi af járnhurðinni hinn 10. mars, svo sem þeir virðast gera ráð fyrir, heldur hafi hann átt sér lengri aðdraganda.

Pegar öll framangreind gögn eru virt, þykja þau ekki í heild sinni renna nægum stöðum undir þá fullyrðingu, að áfrýjandi hafi orðið fyrir höfuðhöggi í umrætt sinn.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, var málið þrisvar lagt fyrir Læknaráð, áður en það var dæmt í héraði. Er það allt rækilega rakið í héraðsdómi. Aðeins skal tekið fram, að

í tvö fyrstu skiptin virðist málið hafa verið lagt þannig fyrir ráðið, að byggt hafi verið á því sem staðreynd, að margnefnd járnhurð hafi skollið á höfuð áfrýjanda.

Í máli þessu greinir lækna á um líkur fyrir því, að heilablæðing áfrýjanda hafi orsakast af höfuðhöggi. Ole B. Styri yfirlæknir sagði í skýrslu sinni 23. október 1970: „Þar sem ekki er hægt að sanna sacculært aneurysme hjá Einari Hallgrímssyni, er ekki hægt að útiloka þann möguleika, að slík æðaskemmd hafi átt upphaf sitt við höfuðskóddun þann 13. mars 1970 . . .“ Hins vegar segir hann í bréfi sínu 18. nóvember 1977, sem að framan er rakið, að yfirgnæfandi líkur séu til þess, að áverkki hafi verið ástæða til myndunar gúlps (aneurysma) á hjarnaslagæð áfrýjanda, en tekur fram, að viðurkenna verði, að þetta sé sjaldgæft. Læknaráð hefur í hinni nýju ályktun sinni sagt líklegast, að blæðingin hafi orsakast af höfuðhöggi, en hafði áður talið á þessu yfirgnæfandi líkur. Hinn viðurkenndi sérfræðingur í heilaskurðlækningum, sem sat í héraðsdómi, telur það hins vegar ekki verða stutt læknisfræðilegum líkum, að áfrýjandi hafi hlotið þann höfuðáverka, sem haldið er fram af hans hálfu í málinu. Einnig er það niðurstaða héraðsdóms, að ekki sé unnt að leiða líkur að því, að höfuðhögg af járnhurðinni hinn 10. mars 1970 hafi orsakað heilablæðinguna, þótt það högg væri sannað.

Samkvæmt þeim gögnum, sem liggja fyrir Hæstarétti, verður við það að miða, að blæðing undir innri heilahimnu geti stafað af höfuðhöggi, þó að þetta virðist vera álitíð sjaldgæft. Þá verður og samkvæmt gögnum að leggja til grundvallar, að veikindi áfrýjanda geti verið afleiðing höfuðhöggs, þó að ekki verði þetta talið fullvíst. En jafnvel þótt gert sé ráð fyrir þessu, veitir það ekki vissu fyrir því, að áfrýjandi hafi hlotið höfuðhögg af járnhurðinni á v/b Guðmundi Þórðarsyni hinn 10. mars 1970, svo sem haldið er fram af hans hálfu.

Þegar alls þess er gætt, sem að framan hefur verið rakið, verður eigi talið sannað, að áfrýjandi hafi orðið fyrir meiðslum af járnhurðinni í v/b Guðmundi Þórðarsyni, RE 70, hinn

10. mars 1970, sem veikindi hans síðan 17. mars 1970 verði rakin til.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, 1.400.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Einars Th. Hallgrímssonar, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Sigurðar Reynis Péturssonar hæstaréttarlögmans, 1.400.000 krónur.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 21. nóvember 1975.

I. Kröfur aðilja.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 24. október sl., er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 3. og 18. mars 1971, af Valgerði Helgadóttur, Túngötu 12, Ytri-Njarðvík, f. h. eiginmanns síns, Einars Thorlacius Hallgrímssonar, s. st., gegn Ólafi Ragnari Sigurðssyni, Holtsgötu 30, Ytri-Njarðvík, Karli Helgasyni, Víkurbraut 16, Grindavík, og Magnúsi Ásgeirssyni, Borgarhrauni 10, Grindavík, eigendum og útgerðarmönnum m/b Guðmundar Þórðarsonar, RE 70, in solidum svo og Samvinnutryggingum g/t, Reykjavík, til réttargæslu, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 5.067.983 með 8% ársvöxtum frá 13. mars 1970 til greiðsludags og málskostnaðar skv. taxta LMFÍ. Þá er krafist viðurkenningar á sjóveðrétti í m/b Guðmundi Þórðarsyni, RE 70, fyrir tildæmdum fjárhæðum í málinu.

Með framhaldsstefnu, birtri 21. júní 1974, er krafist hækkunar á stefnukröfum, vegna nýrra örorkutjónsútreikninga, um kr. 3.906.920 ásamt nýjum vaxtakröfum. Við sameiningu málanna varð kröfugerð stefnanda sú, að stefndu greiði in solidum kr. 8.970.103 með 7% ársvöxtum frá 17. mars 1970 til 16. maí 1973

og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað skv. taxta Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en gjafsóknarleyfi var veitt 13. júlí 1971.

Við munnlegan málflutning 20. júní sl. var fjárhæð höfuðstóls stefnukröfu breytt af stefnanda hálfu vegna nýs örorkutjóns-útreiknings og inngreiðslu, þannig að krafist var kr. 8.512.727 með þeim vöxtum, sem krafist var í framhaldssök, og fyrrgreindri kröfu um viðurkenningu á sjóveðrétti. Sama krafa var gerð við munnlegan málflutning 24. október sl.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Af hálfu réttargæslustefnda eru ekki gerðar sjálfstæðar kröfur, enda er kröfum ekki beint að honum.

Sáttatilaunir dómsins báru ekki árangur.

II. Málavextir.

1. Einar Th. Hallgrímsson, skipasmiður úr Ytri-Njarðvík, réð sig á v/s Guðmund Þórðarson, RE 70, 209 rúmlesta fiskiskip, sem háseta á vetrarvertíð 1970 og hóf störf í vertíðarbyrjun. Einar var þá 28 ára að aldri, fæddur 26. september 1941. Skipið var gert út frá Grindavík. Skipstjóri var stefndi Ólafur, sem einnig bjó í Ytri-Njarðvík, og urðu þeir oft samferða í róðra. Meðstefndi Magnús var stýrimaður, og meðstefndi Karl var vélstjóri, en þetta voru eigendur skipsins. Sunnudaginn 15. mars 1970 voru netin lögð á 40—50 faðma dýpi út af Krísvíkurbjargi, og síðan var siglt til hafnar. Daginn eftir var landlega, og var Einar á heimili sínu, en þriðjudaginn 17. mars átti að róa, og kom skipstjóri árla morguns og tók Einar með sér í bifreiðinni til Grindavíkur. Þegar til kom, var hætt við róður vegna veðurs, og settust menn að spilum um borð í v/s Guðmundi Þórðarsyni. Eitt skip var á milli v/s Guðmundar Þórðarsonar og v/s Bergvíkur. Einar tók ekki þátt í spilunum, en gekk út fyrir. Þá gerðist það, að skipstjórinn á v/s Bergvík kom skyndilega í v/s Guðmund Þórðarson og sagði skipstjóra, að maður frá honum væri veikur í skipi hans. Menn flýttu sér út í skipið, og í stýrishúsinu á v/s Bergvík lá Einar á gólfinu með uppköst og miklar höfuðkvalir. Skipstjóri sá, að alvara var á ferðum, og kallaði á lækni og sjúkrahífið frá Keflavík. Skipstjóri og nokkrir aðrir voru hjá Einari, meðan beðið var, og hafði hann sífelld uppköst og mikla höfuðverki. Sjúkrahúslæknirinn í Keflavík, Jón K. Jóhannsson, kom og rannsakaði Einar, og spurði hann, hvort hann hefði orðið fyr-

ir einhverju áfalli, dottið eða fengið á sig högg. Einar svaraði því neitandi, en var mjög máttfárin. Hann var borinn í sjúkrahúsi í sjúkrabifreiðina, og skipstjóri og skipsfélagar aðstoðuðu. Skipstjóri spurði menn, hvort þeir vissu, hvort Einar hefði orðið fyrir áverka eða slíku, og vissi enginn neitt slíkt. Skipstjórinn sat aftur í hjá Einari í sjúkrabifreiðinni, en tveir skipsfélaga hans, þeir Kristófer Þorvarðsson matsveinn og Anton Hjörleifsson háseti, komu á eftir í bifreið skipstjóra. Einar var lagður á sjúkrahúsið í Keflavík og stundaður þar af læknum, en félagar hans sneru heim á leið. Læknirinn skráði í dagannál:

„Diagnosis spítalans Haemorrhagia subarachnoidalis“ og „Sat í stól um borð í bát í Grindavíkurhöfn, er hann skyndilega féll niður. Kvartaði um miklar höfuðkvalir og fékk mikil uppköst. Í ætt kom fyrir, að tvö hálsystkini hafa dáið úr subarahnoid blæðingum. Fluttur á S. K. Við komu er maðurinn ekki með neinar finnanlegar lamanir, en kvartar mjög um höfuðverk, kastar upp, ekki hnakkastífleiki. Púls hægur 40/m. Bp. 150/90. Lagður inn og gefin 1000 cc glucosa 5% i. v. 18. 3. '70. Ástand miklu betra, með fullri meðvitund. Áætlað að flytja manninn til angiografi á Lsp. 19. 3. '70. Fer í dag á taugadeild Lsp. til nánari rannsóknar.“

Á Landspítalanum var skráð í dagannál þennan dag:

„Sjúkrasaga frá sj. sjálfum.

2. Ætt: 2. hálsystk. dáið úr heilablæðingu. Í móðurætt þessara hálsystk. eru fleiri tilfelli af heilablæðingu. Sj. er aftur á móti skyldur þessum hálsystk. sínum í föðurætt. Móðir sj. hafði M. S.

Félagssaga:

28 ára kvæntur sjómaður, á 3 börn, búsettur í Ytri-Njarðvík. Á sjálfur 4 systk. og 8 hálsystk. samfeðra. Reykir ca. 1/2 pakka af sígarettum daglega. Áfengi einstaka sinnum.

Fyrri sjúkdómar:

Yfirleitt verið hraustur, aldrei áður legið á sjúkrahúsi. Sumarið 1969 var hann nokkuð slæmur á „taugum“. Segist hafa verið kvíðinn og spenntur. Hafði róandi lyf á tímabilinu ágúst—des. 1969. Segist alveg hafa verið búinn að ná sér af þessu. Einstaka sinnum þyngslaverkur í höfði, en engin bein höfuðverkjarköst og a. ö. l. verið hraustur.

Núverandi sjúkdómur:

Þann 17. 3. 1970 um hádegisbil, var sj. staddur á bát frá Grindavík. Skyndilega fannst honum hljóðið í nærliggjandi bát aukast og samfara þessu fékk hann kröftugan höfuðverk, sem jókst tiltölulega, og hafði hann sprengjandi verk í öllu höfðinu. Samfara þessu þá fann hann til máttleysis í ganglimum, alveg upp að mitti, og einnig til dofa í ganglimum, einnig upp að mitti. Honum fannst dofinn mestur í h. ganglim. Hringt var á sjúkrabíl og sj. fluttur til Keflavíkur. Á leiðinni þangað, ca. 1½ klst. síðar, fer hann aftur að geta hreyft ganglimi og dofinn hvarf smátt og smátt. Segir, að nú sé allt í lagi og að hann hafi hvorki dofa né máttleysi neins staðar. Fyrsta sólarhringinn hafði hann mikla ógleði og kastaði upp. Einnig hafði hann svimatilfinningu, mest sem óöryggi, ekki rotatorískan svima. Smátt og smátt hefur verkurinn minnkað, og nú klagar hann aðeins yfir léttum þyngslaverk upp í hvirfli. A. ö. l. er líðan góð. Sj. er fyrst tekinn inn á sjúkrahús Keflavík og kemur nú hingað til nánari athugunar.

Neurolog status:

Skýr í hugsun, vakandi, alveg orienteraður. Létt hnakka-stífur. Cranialtaugar eðlil. Augnhreyfingar eðlil. Pupillur jafn stórar og reagera eðlil. fyrir ljósi. Augnbotnar eðlil. Sinareflexar jafnir og eðlil. bilateralt nema patillar reflex, sem er svol. líflegri, en v. Babinski negativur bilat. Hreyfir handleggi og ganglimi eðlil. Engar paresur sjáanlegar. Sensibilitet status eðlil. og coordinationspróf sj. ath. liggjandi í rúminu eðlil.

Somatisk status:

Kroppsbygging og útlit eðlil. Thorax og kviður eðlil. Blþr. 160/100. Cor et pulm eðlil. Púls 80/mín.

Samantekt:

28 ára maður, sem veiktist skyndilega þann 17.3.1970 með kröftugum höfuðverk, samfara þessu dofa og máttleysi í ganglimum, mest h. megin. Við komu hingað á spítalann hefur sj. léttan höfuðverk staðsettan í hvirfli. H. Patillar-reflex er heldur líflegri en v. Annars ekkert ákveðið fokalt í nerve status. Sterkur grunur um hæmmorrhagia subarachnoidalis. Aneurysm á arteria anterior communis.

Skoðun 19.3.1970 kl. 14.00:

Gerð hefur verið lumbalpunktion á sj. Hann hefur magrascopískt blóðugan liqu . . ., sem við sendum í centrifugeringu og í athugun fyrir frumum og eggjahvítu. Akut carotis angiografia sin. Evt. dxt. verður gerð í dag. Eftir þetta ákvörðun tekin um flutning til útlanda og þá til Oslóar, þar sem bróðir sj. er starfandi á Neurologisku deildinni við Ríkisspítalann í Osló.“

Og hinn 21. mars var skráð í dagannál Landspítalans:

„Tilraun var gerð til v. carotis angiografíu, sem mistókst vegna angiospasma. Mjög líklegt er, að sj. hafi aneurysm. Bróðir sj., Ólafur Hallgrímsson, neurolog í Osló, hefur haft samband við deildina (Dr. Gunnar Guðmundsson), og er ákveðið að senda sj. utan til Ríkisspítalans í Osló til nánari athugunar og meðferðar. Líðan sj. er óbreytt. Hann er vakandi, vel orienteraður, hefur ekkert fokal. í taugastatus, heldur meira hnakkstífur en við komu á sjúkrahúsið. Fer til Osló í dag.“

Magnús Hallgrímsson verkfræðingur, bróðir Einars, frétti um veikindi Einars kvöldið 17. mars, og fór hann til Keflavíkur um kvöldið og hitti Einar í herbergi hans í sjúkrahúsinu. Magnús heimsótti bróður sinn einnig á Landspítala og ræddi við hann, og hann fór með honum í flugvélinni til Osló morguninn 21. mars, sem var laugardagur fyrir pálmásunnudag. Þegar verið var að flytja Einar í sjúkrakörfu um borð í flugvélinu, kom mágur Magnúsar, Guðmundur Ólafsson, sem þá vann í frystihúsi í Keflavík, út á flugvöll og sagði Magnúsi, að hann hefði heyrt það suður í Njarðvík, að Einar hefði orðið fyrir höggi. Magnús sat hjá bróður sínum í flugvélinni, og þeir ræddu eitthvað saman, og þótti Magnúsi ástand og líðan Einars betri þarna í flugvélinni en dagana á undan. Ólafur Hallgrímsson, bróðir þeirra, tók á móti þeim á flugvellingnum í Osló, þegar vélin kom kl. 1230, og var ekið rakleitt á taugadeild Ríkisspítalans. Magnús sagði Ólafi það, sem hann vissi um veikindi Einars. Það kom í hlut Ólafs sjálfs að skrá sjúkrasögu Einars og gera fyrstu rannsókn, og í dagannál skráði Ólafur þessi orð 21. mars:

„Tidligere sygdommer og skader:

Patienten har tidligere stor sett været frisk. Han hadde en influenza i mai '69 av nokså lang varighet, men der var ikke feber og ikke innskrenket bevissthetstilstand med denne.

Pasienten hadde etter denne influenza en periode med senket stemningsleje og følte seg slapp i flere måneder, hadde vanskeligheter med å arbeide. Han kom seg imidlertid ganske raskt av dette og følte seg sterk og opplagt utover høsten og helt inn til den aktuelle lidelse. Det er ikke kjent at pasienten hadde hatt noen hodeskader av betydning, men det foreligger opplysninger om at pasienten fikk en dør som løsnet slengt på seg og denne traff ham angivelig i skulderen men angivelig ikke i hodet. Pasienten har ikke hatt noen febersykdommer med tap av bevissthet.

Sosialt:

Pasienten er skipsbygger av yrke, han er gift og har 3 barn i alderen 7, 5 og 2 år gamle. Barna er friske. P.g.a. pasientens økonomiske situasjon i sammenheng med kjøp av leilighet bestemte han seg for å arbeide en sesong på påskefiske. Han hadde arbeidet ca. 1 måned på en fiskerbåt før det aktuelle inntraff.

Aktuelt:

Pasienten har ikke tidligere vært plaget av hodepine. Han opplyser dog at han siste måned før det aktuelle inntraff av og til kjente noe ubehag i hodet når det var dårlig sjø. Dette var imidlertid ikke uttal og han la ingen vekt på dette. Han følte seg helt frisk og hadde god arbeidslyst. Tirsdag 17.3. ved middagstider lå båten, samt flere andre i havn og ventet på vær for å kunne reise ut på fiskefeltet. Pasienten stakk over i en båt som lå ved siden av for å slå en prat med en kamerat. De satte oppe i styrehuset på båten og han satt lenet bakover på en stol. Han kjente da plutselig smerter i hodet, til å begynne med i takt med maskinslagene i båten. Noen få sekunder senere fikk han en voldsom smerte som han følte i hele hodet, kanskje mest fortil og opp i issen, en følelse av at hodet skulle sprekke. Nesten samtidig sviktet bena under ham og gled ned på gulvet, ble lagt til rette der inntil sykebil med lege inntraff en halv time senere. Han hadde i mellomtiden fått brekninger og svimmelhet og smertene holdt seg voldsomt sterke og konstante. Han mistet aldri helt bevisstheten og kunne således følge noenlunde med i samtalene rundt seg. Han kjente nummenhet i høyre underekstremitet strekkende seg oppover til navlen. Pasienten

ble så bære over i sykebilén og kjørt til lokalt sykehus i Keplavík. Underveís í sykebilén kjente han at følelsen vendte tilbake í høyre underekstremitet og at han etterhvert kunne bevega på bena. Ved innkomsten í sykehuset fikk han en del sprøyter og intravenøst glykose (Det foreligger ingen opplysninger fra sykehuset om terapíen).“

Í dagannál er þess einnig getið, að angiografi hafi verið reynd samdægurs og vel hafi gengið að komast í hægri „carotis“-æð, en í vinstri „carotis“-æð hafi ekki tekist þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Rannsókninni hafi því verið frestað til mánudagsins 23. mars og þann dag hafi hvort tveggja tekist. Niðurstaða var skráð þessi: „Carotisangiografi har vist aneurisme men með vanskelig belíggénhet.“ Samkvæmt bréfi, dags. 22. maí 1970, dskj. 99, var diagnosis Ríkisspítalans: „Haemmorrhagia sub-arachnoidalis post aneurisma art. Cerebri communis anterior.“ Einar var fluttur á skurðlæknisdeild spítalans 24. mars, og skyldi þar framkvæma skurðaðgerðina daginn eftir. Um kvöldið þann 24. mars fékk Einar nýja heilablæðingu og féll í djúpt ómegín með víðtækum lómunum og samdrætti í öllum fjórum útlímum. Var þá hætt við skurðaðgerð, og lá Einar síðan á taugasjúkdómadeild spítalans milli heíms og helju. Klukkustundu eftir að síðari heilablæðingin kom, hringdi Guðmundur Ólafsson til Ólafs Hallgrímssonar og sagði honum nánari fregnir af höggi því, sem hann hafði heyrt, að Einar hefði orðið fyrir. Hann sagði, að Einar hefði fengið högg á öxl og höfuð af þungri járnhurð um borð í v/s Guðmundi Þórðarsyni. Höggið hafi verið mikið og Einar hafi kastast í þílfarið. Eftir langa legu í Oslo raknaði Einar við og gat seinna hreyft hendur og fætur og haft samband við umheiminn, en hafði orðið fyrir svo miklum heilaskemmdum, að hann var og er talinn 100% örryki ævilangt. Hann var fluttur heim til Íslands 17. mars 1971 og hefur af og til legið á taugasjúkdómadeild og endurhæfingardeild Landspítalans og fleiri sjúkrahúsum. Hann hefur takmarkað samband við umheiminn, og minni hans er mjög skert.

2. Matsveinninn Kristófer Þorvarðsson og Anton Hjörleifsson háseti höfðu farið í bifreið skipstjórans á eftir sjúkrafírfreiðinni, og óku þeir þrír saman heim aftur. Við heimkomuna voru veikindi Einars rædd þeirra í milli, og veltu þeir fyrir sér, hvað hafi getað komið fyrir. Minnst var á það, að einn hásetanna á skipinu, Valdimar Birgisson, hafði tveimur dögum áður fengið stein í höfuðið, þegar netin voru lögð, og féllu orð um það, að

hefði slíkt komið fyrir Einar, þá væri um hugsanleg tengsl að ræða. Um kvöldið hitti matsveinninn Kristófer Þorvarðsson Oddberg Eiríksson, hreppsnefndarmann og fyrrverandi vinnuveitanda Einars, og sagði honum frá veikindum Einars og einnig að nokkrum dögum áður hefði Einar fengið á sig járnhurðina bakborðsmegin á skipinu, þegar net hafi verið dregin, og að Einar hafi eftir þetta kvartað um vanlíðan og verið lystarlaus. Kristófer bað Oddberg hafa samband við Geir Gunnarsson, sem ætti sæti í tryggingaráði, til þess að kanna aðstöðu Einars og fjölskyldu hans vegna veikinda þessara, hvort um sjúkrabætur eða slysabætur úr tryggingum væri að ræða eða aðeins sjúkradagpeninga og „hvernig ætti að bregðast við svona.“ Eftir næsta róður sagði Oddbergur Kristófer, að Geir Gunnarsson hefði sagt sér, að sjópróf þyrftu að fara fram. Nokkrir skipsfélaganna ræddu sín í milli, að þeir minntust þess, að Einar hefði kvartað yfir því nokkrum dögum áður, að hann hefði fengið á sig járnhurð, sem er á bakborðsgangi skipsins, þegar dregin voru net úr sjó og net voru sett inn í bakborðsgang þennan, og nokkrir minntust þess að hafa séð Einar liggja á netatrossu fyrir framan hurð þessa, þegar netin voru dregin aftur í ganginn. Þetta komst í há-mæli, og hinn 19. mars sagði matsveinninn skipstjóranum frá þessu. Skipstjórinn skráði þessa frásögn í dagbók skipsins þannig:

„Fyrir hádegi þann 19.3. færir matsveinninn það í tal við mig, að hann muni eftir því, að Einar hafi fengið höfuðhögg af ganghurðinni stjórnborðsmegin“ (sic).

Hinn 23. mars, þ. e. mánudaginn eftir að Einar var fluttur út til Osló, var skráð í dagannál Landspítala:

„Nú upplýsist, að sj. hefur skömmu áður en hann veiktist (sennilega dögum) fengið högg á herðar og hnakka, er þungt stykki skall á hann. Erfitt er að setja þetta atvik í samband við sjúkdómseink. Einars. Maður gæti látið sér detta í hug thrombosis í carotis v. trauma og það væri svo skýringin á því, að ekki tókst að fá carotis angiografi dxt. Sj.sagan er þó öll í þá áttina, að um hafi verið að ræða aneurysma sem orsök. S. A. M.“

Að loknum róðri hinn 24. mars tók skipstjóri sig til og afhenti öllum skipverjum blöð og bað þá skrifa hver í sínu lagi og án samvinnu það, sem þeir vissu um þetta atvik. Þeir settust niður og skrifuðu eftirfarandi vottorð:

„Við vorum að draga þorskanet í Grindavíkursjó er Einar Th. Hallgrímsson varð fyrir höfuðhöggi af gangahurð bakborðsmegin. Ég opnaði hurð þessa til að draga net sem tekið var úr trossu inni ganginn, mun hurðin þá hafa skallið á Einar, en ekki sá ég er það varð. Mér virtist Einar verða fyrir nokkuð miklu höggi því hann lagðist ofan á netatrossu sem var í b.b. gangi, kvartaði hann um sáran verk í höfði og öxl. Ég minnst þess einnig að hann talaði um flökurleika og máttleysi í nokkra daga á eftir.

Anton Hjörleifsson“

„Grindavík 24. mars 1970

Þann 13 mars síðastliðinn, er við skipverjar á Guðmundi Þórðarsyni RE 70 vorum að draga þorskanet á miðunum út af Grindavík tók ég undirritaður eftir því að Einar Th. Hallgrímsson einn af hásetum um borð, lá ofan á netatrossunum er við vorum búnir að draga og hélt um höfuðið. Spurði ég þá Gunnar Bıldıdal háseta hvað hefði komið fyrir Einar. Sagði hann (Gunnar) að hurðin á bakborðsgangi skipsins hefði skallið á höfuð Einars er hann átti eitthvert erindi aftur í ganginn. Sirka tveimur dögum seinna heyrði ég Einar kvarta um höfuðverk.

Eiríkur Guðbjartsson, Suðurgötu 33, Keflavík.“

„Jeg undirritaður votta það hér að Einar Hallgrímsson kvartaði við mig um meiðsli er hann hefði orðið fyrir er ganghurð hefði skallið á sér, og minnst ég þess einnig að hann kvartaði undan flökurleika daginn eftir. Og mun þetta slys hafa skeð fjórum dögum áður en hann veiktist.

Kristófer Þorvarðsson“

„Grindavík 24. marz '70.

Þann 13. marz varð Einar Th. Hallgrímsson fyrir höfuðhöggi af járnhurð bakborðsmegin á m/s Guðmundi Þórðarsyni RE 70 í slæmu veðri. Einar var miður sín á eftir og lagðist fyrir ofan á netatrossum til að jafna sig. Einar kvartaði undan höfuðverk og slappleika næstu daga á eftir. Svo varð það þann 17. marz sem Einar varð alvarlega veikur og það varð að flytja hann á sjúkrahús. Rétt sagt frá.

Gunnar Ásmundsson háseti á Guðmundi Þórðarsyni.“

„Grindavík 23/3’70

Þann 13.3. vorum við að störfum á sjó á m/b Guðmundi Þórðarsyni RE 70 í nokkrum velting að draga net og vorum að taka ónýtt net úr trossu, og settum það inn í gang. Stóð Einar við það í dyragættinni er stór járn hurð skall á hann er skipið valt til. Eftir að hurðin skall á hann kvartaði hann um eymsli í upp handlegg og höfði og sagðist vera hálf ringlaður. Næstu daga kvartaði hann um eymsli eftir hurðina og sagðist vera hálf slappur.

Gunnar H. Bílddal,
Víkurbraut 6, Grindavík.“

„Grindavík 24/3’70

Ég undirritaður Karl Arnar Helgason, Víkurbraut 16 Grindavík, var veikur 15. þessa mánaðar, er Einar Th. Hallgrímsson var fluttur í sjúkrahús og hafði ekki heyrt að hann hefði orðið fyrir höggi fyrr en skipsfélagar mínir voru að tala um þetta á eftir.

Karl A. Helgason“

„Ég undirritaður vissi ekki um atburðinn né sá er hurð lenti á höfði Einars Th. Hallgrímssonar, en heyrði aðeins talað um hann nokkrum dögum seinna.

Magnús Ásgeirsson,
skipverji á m/b Guðmundi Þórðarsyni.“

„Valdimar Birgisson,
Hvassahraun 10, Grindavík.

Veit ekkert, heyrði þá tala um þetta seinna.

Valdimar Birgisson.“

Fimm fyrstgreindu vottorðin komust í hendur skyldmenna Einars, og hinn 8. maí s. á. sendi Bergur Bjarnason hæstaréttarlögmaður beiðni um sjópróf hingað til dómstólsins, svohljóðandi:

„Hinn 13. marz 1970 var vélbáturinn Guðmundur Þórðarson RE 70 á netaveiðum út af Grindavík. Einar Hallgrímsson, háseti á bátnum, var við vinnu á framdekki. Vildi þá svo til, að járnhurð, sem er á dekkinu, skall á öxl og höfuð Einars með þeim afleiðingum, að við höggið kastaðist hann niður á netahrúgu, sem var á dekkinu. Greip Einar til höf-

uðsins og grúfði sig niður í netahrúguna um stund. Vann Einar áfram á skipinu þennan dag 13/3, en kvartaði yfir höfuðverk og ógleði. Næstu daga vann Einar störf sín, en hinn 17. marz, þriðjudag um hádegisbil, þá skeður það, að Einar hnígur skyndilega niður og er fluttur þegar í stað á sjúkrahúsið í Keflavík. Þar lá hann meðvitundarlítill í tvo daga, þ. e. til hádegis hinn 19. marz, en var þá fluttur á tauga-deild Landspítalans í Reykjavík. Eftir athugun lækna á Landspítalanum var Einar síðan sendur á laugardagsmorgun hinn 21. marz á Ríkisspítalann í Osló, eftir að það var fullkomlega ljóst, að blætt hefði inn á heila Einars. Á Ríkisspítalanum átti að framkvæma heilaaðgerð á Einari, en skömmu áður en aðgerðina átti að framkvæma, blæddi að nýju inn á heila hans, þannig að eigi varð úr aðgerð. Síðan mun svo enn hafa blætt inn á heila Einars, svo að hann liggur nú milli heims og helju á Ríkisspítalanum í Osló og er vart hugað líf.

Óskað er eftir, að sjópróf fari fram út af atviki því, sem skeði um borð í m/b Guðmundi Þórðarsyni, R.E. 70, hinn 13. marz s.l., með hliðsjón af því, að líkur eru miklar fyrir, að högg það, sem Einar fékk áðurgreindan dag, sé orsök blæðinganna.

M/b Guðmundur Þórðarson, R.E. 70, er tryggður hjá Samvinnutryggingum.

Óskast sjóprófum hraðað.“

Ákveðið var að halda sjóprófið 20. maí, og sendi lögmaðurinn skipstjóra bréf þess efnis og tjáði honum, að hann ætti að mæta og sjá um, að þeir Eiríkur Guðbjartsson, Gunnar H. Bílddal, Gunnar Ásmundsson, Kristófer Þorvarðsson og Anton Hjörleifsson mættu einnig í dóminum. Við sjóprófið lagði lögmaðurinn fram sjóprófsbeiðnina og ofangreind fimm vottorð. Skipstjórinn kom fyrstur fyrir dóminn og sagði, að hann hefði ekki fengið vitneskju um, að Einar hefði orðið fyrir höggi af umræddri hurð, fyrr en 19. mars. Hann sagði einnig, að hurðin kynni að hafa skolið á Einar, án þess að hann hefði orðið þess var. Anton Hjörleifsson kom næstur fyrir dóminn og staðfesti vottorð sitt. Hann lýsti vinnubrögðunum við að færa ónýt og gölluð net úr trossunni inn í hinn lokaða bakborðsgang. Hurðin hafi því verið opin og Einar hafi staðið við hurðina með bakið í hana og lempað netin yfir þröskuldinn til Antons, sem gekk frá þeim inni í ganginum. Hurðin hafi getað slegist sitt á hvað við velting

og hún sé tvískipt og hafi báðir hlutarnir getað slegist til. Næstur kom Gunnar Bílddal og staðfesti vottorð sitt og kvaðst ekki beinlínis hafa séð, er hurðin skall á Einari. Dagsetningin á vottorði hans geti skeikað um einn dag, þar sem hann hafi miðað eingöngu við ákveðna ferð. Eiríkur Guðbjartsson kom þá fyrir dóminn og staðfesti vottorð sitt, en kvað dagsetningu geta skeikað um einn dag. Hann kvaðst muna eftir því, að Einar hafi eftir atvikið talað um sjóveiki, en þó getið þess, að það væri ekki venjuleg sjóveiki, heldur meira höfuðverkur. Kristófer Þorvarðsson kom síðastur fyrir dóminn og staðfesti vottorð sitt og kvað Einar hafa kvartað við sig um flökurleika og slappleika daginn eftir umrætt atvik og að hann hefði verið áheyrandi að því, að Einar hefði kvartað við skipsfélaga sína um flökurleika og slappleika eftir atvikið. Kristófer taldi, að Einar hefði komið beint aftur í til sín, eftir að hann varð fyrir hurðinni, og kvartað undan meiðslunum. Kristófer kannaðist við að hafa sagt skipstjóra frá þessu 19. mars, eins og skipstjórinn skráði. Aðrir voru ekki kellaðir fyrir dóminn, og var sjóprófinu lokið. Lögmaður stefnanda lét þýða endurritið úr sjóprófinu á norsku og sendi það yfirlæknunum á taugasjúkdómadeildinni á Ríkisspítalanum í Osló, Styri og Engeset, ásamt bréfi, dags. 29. maí 1970, þess efnis, að Einar hefði orðið fyrir þungri járnhurð um borð í skipinu hinn 13. mars 1970 og hinn 17. mars hefði hann skyndilega hnigið niður af heilablóðfalli. Voru læknarnir beðnir um að gefa álit sitt á sjúkdóminum og hvort tengsl gætu verið á milli slyssins og sjúkdómsins. Ole B. Styri yfirlæknir svaraði bréfi þessu með bréfi til lögmannsins, dags. 23. október 1970, og segir þar í löggiltri þýðingu:

„Veikindi sjúklingsins með einkennum, er bentu til subarachnoidalblæðingar hófust skyndilega þann 17. mars 1970. Samkvæmt ábyggilegum heimildum varð sjúklingurinn fyrir sköddun á höfði við vinnu þann 13. mars 1970, það er 4 dögum á undan. Sköddunin var sú, að hann fékk þunga járnhurð í höfuðið og missti meðvitund stutta stund. Síðan var sjúklingurinn til þess að gera hress og í vinnu til 17. mars. Sjúklingurinn var mjög illa haldinn í upphafi, en hresstist smám saman það mikið, að talið var, að hann þylði flutning og skurðaðgerð“ . . .

„ . . . Sjúklingurinn hefur nú legið á Nevrologisk avdeling og endurhæfingardeildinni og hefur rankað við. Hann getur nú hreyft hendur og fætur og haft samband við umheiminn.

Þó verður að ganga út frá því sem vísu, að þær miklu heilaskemmdir, sem hann hefir orðið fyrir, munu valda 100% varanlegri örorku.

Það er spurt um ástæðuna til þessarar subarachnoidalblæðingar. Subarachnoidalblæðingar frá sacculere aneurismer eiga sér oft stað hjá ungu fólki án fyrirvara. Við höfum þó séð heilablæðingar (intracerebrale), sem hafa átt sér stað 3—4 dögum eftir sköddun á höfði og sem stendur í öruggu sambandi við þessa sköddun. Skýringuna á þessum blæðingum teljum vér þá, að höfuðsköddunin hafi orsakað tognun á æðum heilans, þannig að innri þekja æðarinnar hefir sprungið (ruptur) og flettst upp með blóðstraumnum, og hefir þetta orðið þess valdandi annaðhvort að blóðstraumurinn hefir stöðvast eða þá æðarveggurinn veikst til muna, þannig að hann hefir sprungið á 3—4 dögum. Blæðingin hefir síðan stöðvast sjálfkrafa af samdrætti í æðum, (sekundære karrspasmer) og er dregið hefir úr honum, hafa blæðingar komið á ný. Þar sem ekki var hægt að sanna sacculært aneurisme hjá Einari Hallgrímssyni, er ekki hægt að útiloka þann möguleika, að slík æðaskemmd hafi átt upphaf sitt við höfuðsköddun þann 13. mars 1970 og hafi leitt til, að æðin rifnaði með kröftugri heilablæðingu þann 17. mars, og daginn áður en skurðaðgerðin átti fram að fara.“

Sama efnis var dagbókarúrdráttur sjúkrahússins, sem fylgdi bréfi þessu, dskj. nr. 8, að öðru leyti en því, að þar er getið um „subarachnoidal/intracerebrale“ blæðingu.

3. Um haustið 1970 kom tengdafaðir Einars til skipstjórans og fór fram á, að hann gæfi skýrslu um slysið til Tryggingastofnunar ríkisins á þar til gerðu eyðublaði stofnunarinnar, til þess að stofnunin greiddi bætur. Oddbergur Eiríksson kom sömu erinda til skipstjóra, en skipstjórinn vildi þá ekki viðurkenna, að slys hefði orðið með þeim hætti, sem fram kom í sjóprófinu, en þeir urðu ásáttir um, að skipstjórinn vísaði í sjóprófið og undirritaði skýrsluna, eins og dskj. 34 ber með sér. Þá um haustið fékk lögmaður stefnanda tryggingafræðing til að reikna út örorkutjón Einars, og er það dags. 11. nóvember 1970. Segir Bjarni Þórðarson, cand. act., að útreikningurinn sé gerður sem liður í skaðabótakröfu á hendur útgerðarmanni skipsins og muni því í forsendum útreikningsins miðað við, að örorkan sé afleiðing umrædds slyss. Á grundvelli örorkutjónsútreikningsins gerði lögmaðurinn kröfu á hendur tryggingarfélagi skipsins, réttar-

gæslustefnda, um skaðabætur að fjárhæð kr. 5.543.183, dags. 16. nóvember 1970. Lögmaður réttargæslustefnda sneri sér þá til Siglingamálastofnunar ríkisins og bað um álit þeirra á umræddri járnhurð og útbúnaði hennar. Svar stofnunarinnar, dags. 6. janúar 1971, er á þá leið, að hurðin hafi verið skoðuð 4. janúar 1971 og þetta sé tvískipt stálhurð af venjulegri gerð og hafi henni og búnaði hennar ekkert verið ábótavant. Krókur sé á lunningu til að krækja neðri hluta hurðarinnar við lunninguna, þegar dyrnar standi opnar, og þá haldist efri hluti hurðarinnar einnig að lunningunni, þar sem hann gangi niður á neðri hlutann að utanverðu. Hinn 5. janúar 1971 gerði lögmaður stefnanda einnig bótakröfurnar á hendur eigendum og útgerðarmönnum skipsins, og var stefna í máli þessu síðan út gefin 1. mars 1971. Málssóknin var á því byggð, að hinn 13. mars 1970 hefði járnhurðin skolið á öxl og höfuð Einars með þeim afleiðingum, að hann hafi við höggið kastast niður á netahrúgu, sem var á dekkinu. Hann hafi unnið áfram á skipinu þennan dag, en kvartað yfir höfuðverk og ógleði. Næstu daga hafi hann unnið störf sín, en skyndilega fengið heilablóðfall 17. mars með fyrrgreindum afleiðingum. Slysið megi rekja til vanbúnaðar skipsins, þar sem ekki hafi verið unnt að festa hurðina og halda opinni, svo og að vist sé, að höfuðhögg þetta sé bein orsök að blæðingu þeirri og heilaskemmdum, sem valdið hafi örorku hans. Greinargerð með málástæðum þessum var af hendi stefnanda lögð fram í lok júní 1971, en greinargerð af hálfu stefndu var síðan lögð fram 17. september s. á. Þar var kröfunum mótmælt á þeim forsendum, að ósannað væri, að Einar hafi orðið fyrir slysi um borð í skipinu, svo sem um ræði í sóknargögnum, og að ósannað væri, að sjúkleiki Einars ætti rætur að rekja til áverka, er hann hefði hlotið í slysi um borð í skipinu. Auk þessa sé ekki skilyrði til að leggja á stefndu fébótaábyrgð á slysi, þótt talið yrði sannað, að sjúkleiki Einars hafi átt rætur að rekja til slyss þess, sem sóknargögn halda fram.

III. Gangur málsins og skýrslugjafir fyrir dómi.

1. Emil Ágústsson borgardómari fékk mál þetta til meðferðar, en hann hafði einnig haldið sjóprófið 20. maí 1970. Þingað var í málinu 15. maí 1972, og voru þá af stefnanda hálfu lögð fram gögn, er sýndu, að milli járnhurðarinnar og lunningar væri sett netarenni úr tré, þegar verið væri á netaveiðum, sem gerði það að verkum, að krókurinn væri óvirkur. Er óumdeilt í málinu,

að netarennan þessi hafi verið til staðar, og kemur hún skýrt fram á ljósmyndum, er teknar voru af bróður Einars, Ólafi Hallgrímssyni lækni, í róðri snemma í mars 1970, dskj. 35 og 36. Magnús Hallgrímsson verkfræðingur, bróðir Einars, hafði farið til Grindavíkur 6. mars 1972 og séð netarennu þessa í skipinu og tekið af henni myndir, sem lagðar voru fram á dskj. nr. 27—32. Agnar Norland skipaverkfræðingur og Björn Árnason vélaverkfræðingur sömdu álitssgerðina um hurðina og netarennuna, og hafði skoðun þeirra farið fram 10. mars 1972. Kom þar og fram, að jafnvel þótt netarennan væri ekki á sínum stað, væri samt ekki unnt að krækja hurðina að lunningunni, þar sem festiklossi rennunnar á þilfari hindraði það. Staðfestu þeir álitssgerð sína í dóminum. Síðan hófust yfirheyrslur yfir skipsmönnnum, og stóðu þær fram eftir vori 1972 og fram í desember það ár. Er rétt að rekja það, sem fram kom um slys Einars af járnhurðinni.

Kristófer Þorvarðsson matsveinn kom fyrir dóminn 15. maí 1972. Hann staðfesti að nýju vottorð sitt og lýsti nánar atvikum. Hann hafi verið við störf sín í eldhúsi, er Einar hafi komið þangað og sagt: „Helvíti meiddi ég mig illa.“ Hann hafi spurt Einar, hvað komið hefði fyrir, og hafi Einar þá sagt, að ganga-hurðin hefði slegist á hann. Einar hafi lýst fyrir honum, hvernig hann hafi orðið fyrir hurðinni. Þeir skipverjarnir hafi verið að flytja ónýtt net aftur í ganginn. Netin hafi fest í þröskuldinum og hann hafi þá beygt sig til að greiða úr þeim og þá hafi hurðin skolið á hann. Kristófer kvaðst ekki hafa tekið eftir áverkum á Einari, en Einar hafi dvalist nokkra stund í eldhúsinu eins og til að jafna sig. Einar hafi verið nokkuð miður sín og m. a. ekki þegið kaffi, sem Kristófer hafi boðið honum. Einar hafi síðan farið aftur til starfa. Eftir þetta hafi Einar kvartað um flökurleika og daginn eftir hafi Einar kvartað um slíkt eftir kvöldmatinn og þá í áheyrn skipsfélaga sinna. Þarna eftir matinn hafi Einar sérstaklega kvartað um þetta við sig, en þá hafi hann verið orðinn einn eftir af þeim skipverjum. Nánar aðspurður sagði Kristófer, að Einar hefði skýrt sér frá því, að hurðin hafi skolið á höfuð sér og axlir, enda hafi Einar haldið um höfuð sér, er hann hafi komið aftur í til hans. Ekki hafi farið á milli mála milli hans og Einars, að hurðin hafi skolið á höfuð hans. Hann hafi verið búinn að þekkja Einar í mörg ár og hafi hann ekki vitað annað en að hann væri hraustur og aldrei heyrt hann kvarta um neina vanlíðan. Aðspurður, hvers vegna hann hafi ekki skýrt skipstjóranum frá atviki þessu fyrr en 19. mars, svar-

aði Kristófer, að hann hefði ekki álitnið, að hér væri um alvarleg meiðsl að ræða, og í önn dagsins hafi hann ekki talið ástæðu til að skýra sérstaklega frá kvörtunum Einars.

Ólafur Sigurðsson skipstjóri kom fyrir dóminn 19. maí 1972. Þá tók hann fram, að við athugun sína í leiðabók skipsins hafi hann komist að raun um, að atvik það, sem málið snýst um, hafi átt sér stað 10. mars 1970, en ekki 13. mars 1970. Veður hafi þá farið mjög versnandi og hafi gert grimmdarfrost. Hafi skipverjar þá fært net aftur í ganginn bakborðsmegin, en það hafi verið í fyrsta og eina skipti, sem slíkt hafi verið gert á vertíðinni. Yfirleitt hafi ónýt net verið sett fram í skipið eða til hliðar á dekkinu. Hann hafi verið í brúnni, þegar skipverjarnir voru að færa netin, en hann kvaðst ekki hafa orðið þess var, að hurðin hafi skolið á Einar.

Gunnar Ásmundsson háseti kom fyrir dóminn 23. maí 1972. Hann staðfesti vottorð sitt, en hann hafði ekki komið í sjóprófið. Hann kvaðst þó ekki vera viss um, að réttar dagsetningar væru greindar í vottorðinu. Hann kvaðst ekki hafa séð, hvernig umrætt atvik átti sér stað, en það, sem hann segi í vottorðinu, hafi hann eftir sögusögn Einars sjálfs. Hann hafi hins vegar séð Einar liggjandi á netahrúgunni. Einar hafi kvartað um slappleika og að hann væri miður sín þá um kvöldið, er þeir ræddust við í lúkar skipsins, að því er Gunnar minnti. Eftir umræddan atburð hafi þeir bundið upp hurðina, en það hafi ekki verið gert áður.

Ólafur Sigurðsson skipstjóri sagði hér fyrir dóminum 12. júní 1972, að hann hefði vitneskju um það, að þeir Kristófer, Gunnar Ásmundsson og Gunnar Bílddal hafi verið á heimili Gunnars Bílddal og rætt þar um atvikið varðandi Einar og hafi þetta verið áður en honum var skýrt frá atvikinu í sambandi við hurðina. Gunnar Bílddal hafi sjálfur sagt honum þetta eftir síðustu áramót (þ. e. í janúar 1972, innsk.). Tók skipstjóri fram, að í frásögn Gunnars Bílddal hafi þó ekki sérstaklega falist það, að þeir skipverjarnir hafi verið að sammæla sig um ákveðna skýrslugjöf varðandi atvikið. Einnig hafi meðal annarra Gunnar Bílddal sagt skipstjóranum áður, að Einar hafi áður kennt flökurleika, „m. a. hafi strákarnir getið þess, að Einar hafi stundum lagst á lausahurð, sem var fram undir hvalbak.“ Einnig bar skipstjóri, að viku eða hálfum mánuði áður en sjópróf um atvikið fóru fram og vitandi um þau hafi hann verið í borðsal skipsins ásamt fleiri skipverjum. Orð hafi komið upp um, að

þeir þyrftu að mæta í sjóprófinu, og hafi hann þá heyrt á tal þeirra Gunnars Ásmundssonar og Eiríks Guðbjartssonar og hafi orð fallið hjá öðrum hvorum þeirra í þá átt, að það væri sjálf-sagt, að þeir gerðu allt, sem í þeirra valdi stæði, til þess að kona Einars fengi eitthvað „út úr þessu“.

Jón Karl Sigurðsson matsveinn kom fyrir dóminn 5. október 1972. Hann bar, að hann hefði af og til verið matsveinn á skipinu frá árinu 1970, en ekki verið það, þegar umræddur atburður gerðist. Haustið 1970 hafi hann heyrt á samtal skipverjanna um borð í skipinu, þar sem þeir hafi verið að ræða umrætt slys. Í samtali þessu hafi komið fram af vörum Antons Hjörleifssonar, að þeir skipsfélagarnir hafi hist á heimili Gunnars Bílddal, áður en sjópróf fóru fram, til að ræða saman um sameiginlegan fram-burð varðandi slysið, „til þess að þeir yrðu ekki sundurorða það varðandi.“ Í önnur skipti hafi Anton rætt þessi mál við vitnið og hafi sér skilist á orðræðum skipverjanna og orðum Antons, að þeir skipverjarnir hafi ekki séð, er margnefnt atvik átti sér stað, heldur hafi þeir síðar sammælt um að skýra frá atburðum á sama veg í þeim tilgangi, að kona Einars fengi „eitt-hvað út úr þessu“ vegna heimilisástæðna.

Karl Helgason vélstjóri kom fyrir dóminn 5. október 1972. Hann kvaðst ekki hafa séð eða vitað um margnefnt atvik, en þó hafa heyrt eitt sinn af þeim skipverjum í samtölum þeirra, að Einar hefði orðið fyrir hurðinni í umrætt sinn. Sérstaklega að-spurður gat hann ekki skýrt nánar frá orðræðunum, að öðru leyti en því, að Einar muni hafa fengið hurðina á öxlina.

Magnús Ásgeirsson stýrimaður kom þá einnig fyrir dóminn og bar, að hann hefði ekki neitt vitað um umrætt atvik, fyrr en hann hafi heyrt um það frá skipverjum sínum, eftir að Einar var kominn á spítala. Þetta hafi verið í sambandi við það, að skipverjarnir gáfu vottorðin.

Kristófer Þorvarðsson kom þá aftur fyrir dóminn og bar, að hann og Gunnar Ásmundsson hafi orðið samferða upp í verslun, eftir að Einar varð fyrir áfallinu um borð í v/s Bergvík, og þá hafi hann spurt Gunnar, hvort hann hafi vitað um það, að Einar hafi fengið hurðina á sig og hafi Gunnar svarað því játandi. Þeir hafi síðan farið heim til Gunnars Bílddal og þá spurt hann að því, hvort hann hafi vitað um hurðaratvikið, og hafi Gunnar Bílddal svarað því játandi. Þeir hafi á engan hátt verið að sam-mælast um það, hvernig þeir skyldu bera um atvikið í væntan-legum sjóprófum, heldur hafi eingöngu verið í orðræðum þeirra

verið að komast að raun um, hvort eitthvert samhengi væri á milli þess, er Einar hafi fengið hurðina á sig, og áfalls þess, er hann varð síðar fyrir um borð í v/s Bergvík. Hann hafi rætt við Oddberg Eiríksson og spurt hann, hvernig þeir skipverjarnir ættu að snúa sér til að koma á framfæri vitneskju þeirra skipverjanna um það, er Einar hafi fengið hurðina á sig, þar sem þeir hafi ekki vitað um, hvernig þeir ættu að snúa sér um slíkt.

Gunnar Bílddal kom fyrir dóminn 17. nóvember 1972. Hann staðfesti framburð sinn í sjóprófinu 20. maí 1970 og tók fram, að Einar hafi verið meira fram í skipinu til hvíldar eftir atvikið með hurðina heldur en ella, en þangað fari skipverjar til hvíldar á milli þess sem trossur eru dregnar. Eftir að Einar hafi orðið fyrir áfallinu um borð í v/s Bergvík, hafi þeir skipverjarnir rætt atvikið, þar sem það hafi komið nokkuð flatt upp á þá. Það hafi verið algengt á þessum tíma, að þeir skipverjarnir hafi hist á heimili sínu. Allt, sem hann hafi borið fyrir dómnum um atvikið varðandi Einar, sé sannleikanum samkvæmt og þeir skipverjarnir hafi ekki sammælt um að skýra frá um atvikið fyrir dómnum en sem satt var. Að sínu mati sé enginn vafi á því, að hurðin hafi skolið á Einar, enda hafi Einar þá farið frá verki. Hann hafi ekki séð, er hurðin skall á Einar, en séð þessar afleiðingar þess. Gunnar Bílddal kvaðst ekki minnst þess sérstaklega, hvort Einar hafi sagt sér, að hann hafi orðið fyrir hurðinni.

Ólafur Sigurðsson skipstjóri fylgdist með þessum framburði Gunnars Bílddal og kom þá á ný fyrir dóminn til samprófunar við hann. Skipstjóri bar undir Gunnar Bílddal, að Gunnar hefði sagt sér um vorið, að Einar hefði fyrir umræddan atburð legið á hurð við hvalbakinn vegna slappleika. Kannaðist Gunnar við samtal sitt við skipstjóra, en taldi Einar hafa farið meira til að leggja sig á hurð þessa, eftir að hann varð fyrir járnhurðinni.

Gunnar Ásmundsson háseti kom fyrir dóminn 9. desember 1972 og staðfesti fyrri framburð sinn og sagði, að það hefði oft komið til orða hjá þeim skipsfélögum, að þeir gerðu allt til þess að kona Einars „fengi eitthvað út úr atvikinu“, og kvaðst hann ekki telja neitt rangt við það, að þeir hafi talað um þetta.

Eiríkur Guðbjartsson háseti kom fyrir dóminn 9. desember 1972 og staðfesti vottorð sitt, sem lagt var fram í sjóprófinu. Hann kvaðst ekki hafa séð, að hurðin hafi skolið á Einari, en hann hafi séð Einar liggja á netatrossunum. Hann hafi sjálfur verið að draga net í skipið úr sjó og hann hafi ekki áttað sig á því,

hvers vegna Einar lægi á netatrossunni. Hann hafi spurt Gunnar Bílddal um þetta og hafi Gunnar svarað því til, að ganghurðin hefði skolið á Einari. Hann minntist þess ekki, að Einar hefði sagt sér frá því, að hann hefði orðið fyrir hurðinni. Einar hafi nefnt við sig eftir þetta, að hann væri sjóveikur, og hafi Einar verið hissa á því, að hann skyldi vera sjóveikur eftir að hafa verið svo lengi á skipinu. Hafi Einar sérstaklega getið þess, að hann væri hissa á því að fá höfuðverk með sjóveikinni.

Anton Hjörleifsson háseti kom þá fyrir dóminn og kannaðist við vottorð sitt. Hann hafi verið inni í ganginum við að hringa niður netin. Hann hafi séð, að Einar hafi dottið á netatrossurnar. Hann hafi spurt Einar, hvað væri að, og hafi Einar þá svarað því, að hurðin hafi skolið á sig, en sjálfur hafi hann ekki séð það. Þeir skipverjarnir hafi verið búnir að ræða atvikið, eftir að Einar varð fyrir áfallinu um borð í Bergvíkinni, en það hafi ekki haft nein áhrif á vottorðsgjöfina. Hann mótmælti gersamlega, að nokkuð hafi átt sér stað, sem Jón Sigurðsson matsveinn bar hér fyrir dómnum 5. október 1972. Hann bar og, að Einar hafi borið sig illa, þá er hann hafi legið á netatrossunum, eftir að hann féll, og hann hafi eftir það farið aftur í borðsal.

2. Árið 1973 fór mestmegnis í að senda málið til Læknaráðs Íslands. Með úrskurði, uppkveðnum 12. apríl 1973, beiddist þáverandi dómari málsins umsagnar Læknaráðs um, „hvort samband kunni að vera milli lömunar Einars Hallgrímssonar og höfuðhöggs þess, sem hann hlaut í róðri, nokkrum dögum áður en hann veiktist.“ Þessu svaraði Læknaráð játandi 20. júlí 1973, og var það staðfest af forseta ráðsins 17. október s. á. Með úrskurði, uppkveðnum 21. nóvember s. á., beiddist dómari svars við eftirfarandi spurningum:

1. Verður fullyrt, að núverandi heilsuleysi Einars Hallgrímssonar, sem um ræðir í málinu, sé afleiðing af höfuðáverka þeim, er um ræðir. Verði því játtað, hver eru þá helstu læknisfræðilegu rök fyrir þeirri niðurstöðu?

2. Verði þetta ekki fullyrt, hverjar eru þá líkur til orsakasambands og á hverju byggðar?

3. Getur annarri orsök en áverka af slysi verið til að dreifa? Og hverjar eru þá líkur með og móti hvorri hinna hugsanlegu orsaka um sig?

Spurningunum svaraði Læknaráð 7. mars 1974 þannig:

„Ad. 1. Nei.

Ad. 2. Samkvæmt því, sem ritað hefur verið um svipuð tilvik

í læknařit, má telja yfirgnæfandi líkur til þess, að núverandi heilsuleysi Einars Hallgrímssonar sé afleiðing höfuðáverka þess, sem um ræðir.

Ad. 3. Já, en til þess eru mjög litlar líkur, sbr. svar við spurningu nr. 2[“]. Var svar þetta staðfest af forseta ráðsins 18. apríl 1974. Framhaldssök var síðan höfðuð 21. júní 1974. Vegna forfalla Emils Ágústssonar tók undirritaður dómsformaður við meðferð málsins, en þá höfðu meðdómsmenn þegar tekið sæti í dómnum. Dómurinn taldi rétt, að aðiljar og vitni kæmu á ný fyrir dóm-inn, áður en málið yrði flutt, og fór yfirheyrslan fram 25. nóv-ember 1974, en dómurinn hafði þá farið á vettvang og skoðað skipið 9. nóvember 1974.

3. Verða nú raktir framburðir, sem fram komu haustið 1974. Magnús Ásgeirsson stýrimaður kvaðst muna, að net hefðu verið dregin aftur í bakborðsganginn og inn í hann til þess að leysa af þeim þar. Þetta væri hagræði í frosti og kuldum. Hann taldi alla vera á dekki, þegar net væru dregin. Hann kvaðst ekkert hafa heyrt, að Einar hefði orðið fyrir hurðinni, fyrr en vottorðin voru skrifuð, en þá hafi hann heyrt þetta frá nokkrum skipverjum. Þá hafi verið talað um, að Einar hefði slasast á ákveð-inni hurð eða rekið sig á hurð eða hurðapóst eða eitthvað í kring-um það. Hann minnti, að Einar hefði verið ágætur til heilsu á vertíðinni.

Anton Hjörleifsson háseti kom þá aftur fyrir dóminn og lýsti nánar atburðinum. Hann kvaðst hafa séð Einar liggja á netahrúgu, sem var fyrir framan hurðina. Þetta hafi hann séð út um hurðina, þar sem hann sjálfur var innarlega í lokaða ganginum. Hurðin hafi þá verið laus og slegist til eftir því sem skipið valt, þar sem Einar studdi ekki við hana. Hann taldi, að net hefðu áður á vertíðinni verið lempuð á sama hátt inn í ganginn og Ein-ar hefði tekið þátt í því. Þegar Einar hafi lagst á netahrúguna, hafi dráttur netanna stöðvast og þeir hafi nokkrir farið til Ein-ars, þar sem hann lá, og spurt, hvað hefði gerst. Einar hafi þá farið óstuddur aftur í borðsal. Einar hafi þá sagt, að hann hafi fengið hurðina í sig, að hún hefði slegist í höfuðið á honum og í öxlina. Hann hafi ekki misst meðvitund. Vitnið kvaðst sjálft hafa staðið við hurðina og haldið henni opinni í veltingi og hann hafi orðið fyrir því að missa tök á henni í veltingnum, þannig að hann hafi þurft að halla sér áfram til að halda jafn-vægi, en síðan aftur á bak og þá komi efri partur hurðarinnar á móti. Nánar aðspurður kvaðst hann hafa litið út ganginn, þeg-

ar allt stoppaði, og þá hafi hann séð Einar, þar sem hann lá. Hann sagði þetta hafa verið fyrstu vertíð sína á sjó og þeir hefðu einnig verið óvanir og að þeir hafi þurft nokkra tilsögn frá stýrimanni. Hann taldi, að óþægilegt hefði verið að binda hurðina fasta, og kvaðst halda, að honum hafi þótt þetta sjálfsagt eins og það var, þar sem enginn útbúnaður var til að festa hurðina. Einar hafi legið í kuðung á netahrúgunni og haldið um höfuðið og meiningin frá orðum Einars hafi verið sú, að hann hafi fengið hurðina á sig á höfuðið og öxlina. Hann taldi, að allir á dekkinu hefðu átt að verða varir við þetta, vegna þess að drátturinn stöðvaðist. Hann kvaðst hafa þekkt Einar frá því þeir voru saman í barnaskóla í Grímsnesi, en þeir hafi ekki unnið saman fyrr en þarna á vertíðinni, en enginn annar samgangur hafi verið þeirra í milli. Þegar lesið var fyrir vitnið úr vottorði þess, kannaðist vitnið fyrst í stað ekki við lýsinguna og taldi þetta vera ónákvæma bókun dómsins með löguðu orðalagi dómara og þarna gætti því missskilnings. Þegar vitninu var bent á, að það hefði sjálft skrifað þetta, rétt eftir að Einar veiktist, útskýrði vitnið, að þetta hafi ekki verið nákvæmlega orðað, þar sem hann hefði hespað þessu af og ekki vitað, hvert framhaldið yrði. Vildi vitnið því leiðrétta frásögn sína úr vottorðinu, enda hafi verið búið að draga nokkur net inn í ganginn, þegar atburðurinn gerðist.

Eiríkur Guðbjartsson háseti bar þá fyrir dómnum, að þegar hann hefði séð Einar liggja á netatrossunni, hafi hann sjálfur staðið úti við borðstokkinn stjórnborðsmegin. Dráttur netanna hafi stöðvast. Hafi hann spurt Gunnar Bílddal, sem stóð bakborðsmegin við borðið, hvað hefði komið fyrir Einar. Hann kvaðst ekki muna greinilega, hvernig Einar hafi legið, og hann hafi ekki gengið til hans, og hann mundi ekki, hvort aðrir hefðu gert það. Svar Gunnars Bílddal hafi verið í þá átt, að hurðin hafi skollað á Einar, er hann hafi átt eitthvað erindi aftur í ganginn. Hann hafi séð, að þeir hafi verið að draga net aftur í bakborðsganginn. Hann kvaðst muna, að hlé hafi orðið á drættinum, og hann kvaðst telja alveg víst, að allir þeir, sem á dekkinu voru, hafi séð Einar liggja þarna. Hann kvaðst sjálfur hafa tekið þátt í að færa net aftur í gang þennan og þá hafi einhver staðið við hurðina, og hann kvaðst telja, að flestir hafi gert sér grein fyrir því, að „það mætti passa sig á hurðinni“, þegar staðið væri við hana undir slíkum kringumstæðum.

Gunnar Ásmundsson háseti kom aftur fyrir dóminn og bar,

að hann minntist þess ekki að hafa gengið til Einars, þar sem hann lá, en hann hafi sjálfur verið að greiða úr físki við rennuna. Einar hafi legið á netahrúgunni fyrir framan járnhurðina og haldið báðum höndum um höfuðið. Hægt hefði verið að binda hurðina upp, meðan netin voru færð inn í ganginn, en það hafi ekki verið gert, og það hafi aldrei verið gert, þegar þetta verk var unnið. Einar hafi oftast en einu sinni kvartað um það við sig, að hann væri miður sín eftir að hafa fengið hurðina á sig, en vitnið kvaðst ekki muna, hvort Einar hafi sagt, hvar hurðin hafi komið á hann. Hann sagði, að skipstjóra hafi ekki verið tilkynnt um þetta og þess vegna hafi þeir orðið að skrifa vottorðin. Hann taldi menn hefðu getað verið á dekkinu án þess að sjá Einar liggjandi á netatrossunni.

Kristófer Þorvarðsson matsveinn kom aftur fyrir dóminn og bar, að þegar Einar hafi komið aftur í til hans, hafi hann haldið um höfuðið og sagt „helvíti meiddi ég mig illa“ og sagt, að hurðin hafi skolið á hann. Síðan hafi hann farið aftur í borðsal og verið þar í góðan tíma, en vitnið hafi verið að vinna í eldhúsinu á meðan. Síðan hafi Einar farið fram að vinna eftir einhvern tíma. Vitnið byrjaði á skipinu um áramótin. Eftir áfall Einars um borð í Bergvíkinni hafi vitnið verið miður sín lengi eftir að horfa upp á þjáningar Einars og hann hafi ekki sett þetta strax í samband við járnhurðina.

Karl Helgason vélstjóri kom aftur fyrir dóminn og bar, að þegar net séu dregin, standi hann yfirleitt við spilið. Hann kvaðst ekki minnst þess, að dráttur neta hafi stöðvast og Einar hafi legið á netatrossunni.

Valgerður Helgadóttir, eiginkona Einars Hallgrímssonar, stefnandi málsins, kom þá fyrir dóminn. Hún bar, að heilsa Einars hefði verið góð, og minntist þess ekki, að hann hafi kvartað yfir höfuðverkjum eða svima. Einar hafi orðið mjög veikur eftir að hafa haft influensu með háum hita í fleiri sólarhringa, en síðan hafi hann náð sér að fullu. Hún lýsti því, að daginn áður en hann varð veikur um borð í Bergvíkinni 17. mars, hafi hann verið heima og verið mjög slappur og hafi kastað upp um kvöldið og sofið allan seinni part dagsins. Hann hafi lagt sig, þegar hann kom heim, og það hana að vekja sig um kvöldið, þar sem hann hugðist horfa á íþróttir í sjónvarpinu. Hún hafi vakið hann og hann hafi farið fram úr og þá hafi hann kvartað um þennan flökurleika og kastað upp og verið mjög slappur. Um morguninn hafi hún nefnt við hann, að hann skyldi ekki fara í róðurinn,

en hann hafi þó farið. Einar hafi ekki sagt henni, að hann hefði fengið hurðina á sig, og hann hafi ekki talað um, að hann hefði höfuðverk eða sljóleika. Um kvöldið hafi hann ekki kvartað um höfuðverk, heldur flökurleika.

Ólafur Sigurðsson skipstjóri kom aftur fyrir dóminn og bar, að hann verði var við það í brúnni, ef dráttur á netum stöðvast. Hann lýsti því, að net hefðu verið dregin í bakborðsganginum 10. mars 1970, til þess að hægara væri að leysa af þeim. Ónýt net hafi verið tekin úr trossunni, eitt, tvö eða þrjú, og önnur ný voru sett í trossurnar, og þessi ónýtu net hefðu síðan verið færð inn í bakborðsganginn, en hin netin lögð niður, eins og venja er, á dekkið. Drátturinn hafi sennilega stöðvast eða tafist af þessu. Þennan dag hafi drátturinn byrjað í birtingu og ónýtu netin hafi aðeins verið tekin úr fyrstu trossunni. Semma hafi verið hætt að draga vegna veðurs og þeir hafi snúið til lands og verið lengi á leiðinni vegna móthbyrs. Skipstjóri lýsti fyrir dómnum, að honum hefði skilst það á sjúkrahúslækninum í Keflavík eftir áfall Einars, að ekki væri á valdi skipstjórans að gera meira í málinu fyrir Einar, þar sem læknirinn hefði ekki fengið upplýsingar frá Einari um neitt slys eða högg. Læknirinn hafi spurt Einar beint að því, hvort eitthvað hefði komið fyrir hann, fengið högg eða dottið eða slíkt, en Einar hafi svarað neitandi. Þegar hann hafi gefið skýrsluna til Tryggingastofnunar hafi Oddbergur Eiríksson lagt hart að honum að gefa sér þessa skýrslu, til þess að kona Einars fengi þær bætur, sem henni bæri, en hann hafi ekki talið sig vera að samþykkja neitt í skýrslunni. Skýrslan, eins og hún liggi fyrir, sé gerð samkvæmt samkomulagi hans og Oddbergs, þeir hafi komið saman á miðri leið, Oddbergur hafi áður komið fram fyrir hönd aðstandenda Einars, þegar gert hafi verið upp eftir vertíðina. Skipstjóri lýsti því, að hann væri sannfærður um það, að það hefði verið í siglingunni 15. mars að Krísvíkurbergi sem hásetarnir hefðu verið með stökk og íþróttaæfingar á þílfari. Hann sagði einnig, að hann teldi framburð skipverjanna um höggið á Einar af járnhurðinni vera ýktan. Verið gæti, að Einar hafi raunverulega fengið hurðina á sig 10. mars í veltingnum. Skipstjóri minntist þess ekki, að Einar hefði um morguninn 17. mars í bílnum minnst á lasleika, en hann sagði, að hann hefði alltaf ekið Einari í sínum bíl, þegar heim var farið úr róðrum. Skipstjóri upplýsti, að tveir skipverjanna, þeir Gunnar Bílddal og Anton Hjörleifsson, hefðu sagt við sig utan dómssalarins, að þeir ætluðu að „hætta þessum skrípaleik“

og segja sannleikann, og af þessu hafi hann dregið þá ályktun, að þeir bæru annað fyrir réttinum en rétt væri. Einnig hafi komið fram, að skipverjarnir hafi hist á heimili Gunnars Bílddal kvöldið 18. mars og komið sér saman um framburð um slysið.

Valdimar Birgisson háseti bar fyrir dóminum 29. nóvember 1974, að hann hefði heyrt talað um, að hurðin hefði farið í Einar. Hann bar, að hefði hann verið á dekkinu og Einar hefði lagst á netahrúgu, hefði hann séð það. Hann kvaðst aldrei hafa séð Einar liggja á dekkinu, og hann kvaðst muna eftir Einari í íþróttastökki á dekkinu. Hann kvaðst muna, að hurðin hafi verið bundin upp, þegar net hafi verið færð inn í bakborðsganginn.

Magnús Hallgrímsson, bróðir stefnanda, kom fyrst fyrir dóminn 29. nóvember 1974 og bar, að tvö hálf systkini þeirra Einars hafi dáið úr heilablæðingu og móðir þeirra einnig, að talið væri, að þetta hafi verið sjúkdómur, sem gangandi sé í ætt fyrri eigin konu föður þeirra. Móðir þeirra Einars, seinni kona föður þeirra, hafi dáið úr „multiple sclerosis“, sjúkdómi, sem hún hafi fengið um það leyti sem Einar fæddist, en hún hafi dáið 1953 eftir langa legu. Faðir þeirra hafi dáið, þegar Einar var sjö ára gamall. Einar hafi alla tíð verið heilsuhraustur.

Magnús Ásgeirsson stýrimaður kom aftur fyrir dóminn 29. nóvember og bar, að útilokað væri, að það hefði farið fram hjá honum, ef Einar hefði legið á dekkinu og haldið um höfuðið og hann hefði sjálfur verið á dekkinu. Hafi dráttur stöðvast, hefði hann orðið var við það og athugað, hverju það sætti. Ekki gæti heldur hafa farið fram hjá honum, ef maður hefði farið úr verki og verið nokkra stund í burtu.

Gunnar Bílddal kom aftur fyrir dóminn 3. desember 1974 og bar, að Einar hafi farið frá verki, þegar verið var að lempa netin inn í bakborðsganginn, og hann hafi staðið við hurðina og maður hafi þurft að fara í hans starf og af þessu hafi vitnið dregið þá ályktun, að Einar hefði fengið hurðina í sig. Hann hafi séð Einar nudda vinstri upphandlegg og Einar hafi kvartað um eymsli í handleggnum og höfði. Stýrimaðurinn hafi sagt manni að fara í stað Einars, en vitnið man ekki, hvaða maður það hafi verið. Hann kvaðst ekki muna, hvort hann sá Einar liggja á netahrúgunni, en aðspurður um það, á hverju hann hafi byggt þá fullyrðingu sína, að járnhurðin hafi skolið á Einar, sagði hann: „Einar stóð við hurðina, hurðin var laus, hurðin slóst til, Einar fór frá verki,“ annað geti ekki hafa skeð. Hann minnti, að næstu daga hafi Einar kvartað yfir því að hafa fengið hurðina í sig, þ. e.

kvartað yfir sárindum eftir hana og eymslum og hafi það verið í upphandlegg, en hann sagðist ekki muna, hvort Einar hafi kvartað yfir eymslum í höfði, en upphaflega vottorð hans hafi verið rétt. Þegar vottorð Eiríks Guðbjartssonar var borið undir vitnið, minntist vitnið þess ekki, að Eiríkur hafi spurt um þetta, og ekki að hafa sagt Eiríki þetta. Strax eftir veikindi Einars um borð í Bergvíkinni hafi menn talað um járnhurðina í þessu sambandi.

4. Oddbergur Eiríksson kom fyrir dóminn 11. júlí sl. og bar, að Kristófer Þorvarðsson hafi sagt sér frá veikindum Einars strax eftir og Kristófer hafi þá einnig sagt, að Einar hefði nokkrum dögum áður fengið járnhurðina á sig og Kristófer hafi beðið vitnið að hafa samband við Geir Gunnarsson út af þessu. Þegar vitnið hafi talað við skipstjóra fljótlega þá á eftir, hafi skipstjóri verið mjög jákvæður og sagst vera allur af vilja gerður, til þess að Einar fengi út af slysi þessu fullar bætur. Um haustið, þegar vitnið hafi komið til skipstjóra til að fá hann til að gera skýrsluna til tryggingaráðs, hafi skipstjóri ekki viljað segja neitt til um ástæðuna fyrir veikindunum, þ. e. hann hafi ekki viljað segja, að járnhurðin hafi skollið á Einar. Þannig hafi afstaða skipstjóra verið orðin breytt frá því áður. Vitnið þekkti Einar vel og hafi Einar aldrei talað um, að hann fengi höfuðverki eða flökurleika eða neitt slíkt, enda hafi Einar verið vaskleikamaður í fremstu röð.

Magnús Hallgrímsson kom aftur fyrir dóminn og lýsti því, hvernig hann heyrði fyrst um, að Einar hefði orðið fyrir höggi, en frásögnin hafi verið óljós, og ekki hafi fylgt, hvar höggið hafi komið á Einar. Þetta hafi skýrst, þegar Guðmundur hafi hringt kvöldið 24. mars til Oslo, en þá hafi Einar fengið síðara heilablóðfallið klukkutíma áður. Nánari fregnir hafi borist til Oslo í bréfi til hans frá eiginkonu hans. Hann hafi sjálfur farið heim í miðri vikunni á eftir og leitað upplýsinga um högg þetta. Oddbergur hafi upplýst hann um það, sem skipverjarnir hafi sagt, en skipstjóra hafi hann ekki náð til. Skipstjóri hafi loks sagt, að engin sjópróf yrðu haldin, þar eð hann vissi, að ekkert samband væri milli veikinda Einars og höggins af hurðinni. Magnús kom aftur fyrir dóminn 23. september sl. og var þá spurður, hvort hann hefði spurt Einar bróður sinn um högg það, sem Guðmundur Ólafsson sagði frá. Hann kvaðst ekki muna, hvort hann hafi spurt Einar um þetta. Hann minntist þess að hafa setið hjá Einari, sem var í sjúkrakörfu í flugvélinni, og að þeir

hafi rætt saman í vélinni og að líðan Einars hafi verið betri þarna í vélinni en dagana á undan.

5. Með úrskurði, uppkveðnum 20. desember 1974, var málið sent Læknaráði Íslands í þriðja sinn, og var beiðst umsagnar Læknaráðs um það:

- „1. Hvort Læknaráð hafi í svörum sínum 7. mars sl. byggt á því, að Einar Hallgrímsson hafi orðið fyrir höfuðáverka þeim, sem um ræðir í máli þessu.
2. Sé því ekki slegið föstu, að Einar Hallgrímsson hafi orðið fyrir höfuðáverka, hvaða öðrum orsökum getur þá einnig verið til að dreifa, og hverjar eru þá læknisfræðilegar líkur með og móti hverri hinna hugsanlegu orsaka um sig, og séu þá áverkar meðtaldir sem hugsanleg orsök.“

Svar Læknaráðs, dags. 26. mars 1975, var svohljóðandi:

„Ad. 1: Í úrskurði sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 21. nóvember 1973, sbr. bréf Emils Ágústssonar borgardómara, dags. 28. nóv. 1973, var spurt um það, hvort full-yrft yrði, að „núverandi heilsuleysi Einars Hallgrímssonar, sem um ræðir í málinu, sé afleiðing af höfuðáverka þeim, er um ræðir.“

Ad. 2: Vísast til svars við 2. spurningu sama úrskurðar, sbr. ályktun læknaráðs, dags. 18. apríl 1974.“ Í bréfi Læknaráðs er síðan svofelld setning: „Framanrituð greinargerð og tillaga réttarmáladeildar um ályktun læknaráðs staðfestist hér með fyrir hönd ráðsins í samræmi við fyrir-mæli laga nr. 14, 15. maí 1942 og reglugerðar nr. 192, 24. nóvember sama ár sem álitargerð og úrskurður læknaráðs.

Reykjavík, 27. maí 1975

Benedikt Tómasson / Þorkell Jóhannesson
settur“.

Í ljós kom síðar, að skipaður talsmaður stefnanda hafði sent Læknaráði afrit af bréfi, sem hann hafði skrifað formanni dómsins 28. janúar 1975, og að bréf þetta hafi fylgt málsskjölum til Læknaráðs. Í bréfi þessu sagði hæstaréttarlögmaðurinn m. a.:

„Athugasemdir mínar í sambandi við úrskurð dómenda til læknaráðs eru aðallega þessar

að ónauðsynlegt hafi verið með öllu að leggja mál þetta nú fyrir læknaráð í þriðja sinn

að málavöxtum í forsendum úrskurðar sé eigi lýst á nægilega hlutlægan hátt

að ofaukið sé í forsendum úrskurðarins athugasemdum þess

efnis, að lækna ráð virðist hafa „slegið því föstu“, að Einar hafi fengið áverka af járnhurð og að slíkt sé „skiljanlegt“, en slíkar athugasemdir tel ég til þess fallnar að laða fram tiltekin svör

að spurningum skv. tl. 2 í úrskurði sé þegar svarað af lækna ráði.“

IV. Málsástæður.

1. Stefnandi styður kröfu sína þeim rökum, að ljóst sé af framburðum fimm skipverja, að Einar hafi orðið fyrir þungu höfuðhöggi af járnhurð þeirri, er hann stóð við, þegar verið var að færa net aftur í bakborðsganginn 10. mars eða 13. mars 1970. Einar hafi fallið á þilfarið, haldið höndum um höfuð sér og sagt félögum sínum, að hann hefði fengið hurðina á höfuðið og hann hafi verið svo miður sín af höggi þessu, að hann hafi farið frá verki og ekki komið fljótt aftur til starfa. Næstu daga hafi hann kvartað um höfuðverk, ógleði og eymsli í handlegg og höfði, en hinn 17. mars hafi hann síðan skyndilega hnigið niður af heila-blæðingu, sem síðan hafi leitt til núverandi ástands hans. Augljóst samband sé milli höfuðhöggs þessa og núverandi heilsuleysis Einars, þar sem Lækna ráð Íslands hafi með úrskurði 18. apríl 1974 sagt, að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því, að höggið sé orsök lómunarinnar, og að mjög litlar líkur séu fyrir því, að um aðra orsök sé að ræða. Ljóst sé, að úrskurður Lækna ráðs um orsakasambandið sé meira en nægilega sterkur grundvöllur fyrir dómfellingunni hinna stefndu, þar sem hingað til hafi verið talið nægilegt í slíkum tilfellum, í dómum, að heilsuleysi sé sennileg afleiðing áfalla eða áverka. Ábyrgð stefndu byggist á því, að umrædd járnhurð og útbúnaður hennar hafi verið óforsvaranlegur, þar sem krókurinn, sem halda átti hurðinni opinni, hafi verið óvirkur vegna netarennu. Slíkur vanbúnaður á skipinu sé á ábyrgð eigenda og útgerðarmanna skipsins í samræmi við gildandi reglur um hlutlæga ábyrgð eigenda á því, að vinnubúnaður sé í lagi. Hér komi og til bein sök skipstjórnarmanna, sem hafi látið skipverja vinna við slíkar stórháskalegar aðstæður, en Einar og aðrir skipverjar hafi að sjálfsögðu verið við umræddan starfa með vitund og vilja skipstjóra og stýrimanns og undir þeirra stjórn.

Nánari rökstuðningur stefnanda um höggið af járnhurðinni er þannig:

Þótt enginn skipverjanna hafi beinlínis séð eða horft á, þegar

járnhurðin hafi skolið á höfuð og öxl Einari, hafi þeir séð afleiðingar þess, þar sem hann hafi fallið á netatrossu, er var fyrir framan hurðina, og haldið um höfuðið. Um þetta beri vitnin Anton Hjörleifsson, Gunnar Ásmundsson, Eiríkur Guðbjartsson og Gunnar Bílddal, en þeir hafi allir verið á þilfarinu við störf með Einari, þegar þetta gerðist. Einar hafi einnig sagt þeim Antoni og Gunnari Ásmundssyni, að hurðin hefði lent á höfði sér, og þetta hafi Einar einnig sagt Kristófer Þorvarðssyni mat-sveini, þegar Einar af þessum sökum fór úr verki og aftur í borðsal til að jafna sig. Þessi vitni séu áreiðanleg, hlutlaus og óvilhöll og ekki megi telja, að það dragi úr sannleiksgildi frásagnar þeirra, að þeir hafi upphaflega talið atburðinn hafa gerst 13. mars, þar sem þeir hafi aðeins miðað við ákveðna ferð og ákveðið starf, sem síðar hafi komið í ljós með dagbókarfærslum og veður-skýrslum, að hafi sannanlega verið 10. mars. Slíkt sé frekar til að styðja sannleiksgildi frásagnar þeirra, þar sem þeir hafi sagt frá atburði, sem enginn af skipstjórnarmönnum hafi viljað kannast við, að hafi gerst, þótt þeir hafi fylgst með þessu. Við þetta bætist svo, að frásögn skipverjanna um höfuðhögg Einars sé beinlínis studd af úrskurðum Læknaráðs, fyrst 18. apríl 1974 og síðan 27. maí 1975, en þar úrskurði Læknaráð, að orsökina að heilablóðfalli Einars 17. mars sé höfuðhögg, en ekki meðfæddur eiginleiki. Læknaráð hafi 18. apríl 1974 sagt, að mjög litlar líkur væru fyrir því, að um geti verið að ræða aðra orsök en áverka af slysi, þar sem yfirgnæfandi líkur séu til þess, að núverandi heilsuleysi Einars sé afleiðing af höfuðáverka þeim, er um ræðir, samkvæmt því, sem ritað hafi verið um svipuð tilvik í lækna-rit. Dómurinn hafi með úrskurði 20. desember 1974 ítrekað spurningu til Læknaráðs og orðað hana þannig: „Sé því ekki slegið föstu, að Einar Hallgrímsson hafi orðið fyrir höfuðáverka, hvaða öðrum orsökum getur þá einnig verið til að dreifa, og hverjar eru þá læknisfræðilegar líkur með og móti hverri hinna hugsanlegu orsaka um sig, og séu þá áverkar meðtaldir sem hugsanleg orsök.“ Læknaráð hafi svarað þessu með úrskurði 27. maí 1976 án nokkurs fyrirvara og vísað í sitt fyrra svar. Þetta verði að túlka svo, að Læknaráð taki gersamlega af skarið um, að heilablóðfall Einars 17. mars 1970 og eftirfarandi heilsuleysi hljóti með yfirgnæfandi líkum að hafa orsakast af höfuðáverka þeim, sem vitnin hafa borið um. Þannig styðji framburður vitnanna fimm og álit lækna hvað annað og sé hér því um tvöfalda sönnun að ræða, enda sé í málinu upplýst, að Einar Hallgrímsson hafi alla tíð verið heilsu-

hraustur og vaskleikamaður og aldrei kennt flökurleika né höfuðverkja fyrr en eftir slys þetta. Gegn slíkum rökum leggist sönnunarbyrðin á stefndu um, að önnur orsök sé að heilablæðingu Einars, en slíkt hafi stefndu ekki getað sýnt fram á. Ekki megi í þessu sambandi byggja á því, að Einar hafi ekki sjálfur skýrt frá höfuðhögginu, eftir að hann varð fyrir heilablóðfallinu 17. mars, þar sem hann hafi verið mjög máttfarinn og rænulítill, og ekki megi ætlast til, að maður skýri frá atburðum, sem gerst hafi dögum fyrir slíkt áfall, undir slíkum kringumstæðum.

2. Stefndu styðja sýknukröfu sína þeim rökum,

að ósannað sé, að Einar Hallgrímsson hafi orðið fyrir slysi um borð í skipi stefndu, svo sem stefnandi haldi fram, að ósannað sé, að áfall Einars 17. mars 1970 sé afleiðing af höfuðáverka, jafnvel þótt talið væri, að Einar hafi fengið höfuðáverka af járnhurð 10. mars 1970, sem mótmælt sé,

að skilyrði séu ekki að lögum að leggja á stefndu fébótaábyrgð, jafnvel þótt talið yrði sannað, að veikindi Einars hafi átt rætur að rekja til slyss þess, er stefnandi heldur fram, sem þó hvort tveggja sé ósannað.

Enginn sjónarvottur hafi verið að því, að járnhurðin í bakborðs-gangi skipsins hafi slegist í Einar. Þar sé eingöngu um að ræða sögusagnir, sem komist hafi á kreik meðal skipverja, eftir að Einar veiktist 17. mars. Matsveinninn, Kristófer Þorvarðsson, hafi sagt skipstjóra frá slíku atviki 18. mars og það hafi verið það fyrsta, sem skipstjóra hafi verið sagt. Áður hafi matsveinninn verið búinn að ræða við Oddberg Eiríksson og segja honum þetta og Oddbergur hafi skilað því til hans, að athuguðu máli, að sjópróf þyrftu að fara fram, enda fengjust ekki greiddar bætur fyrir veikindi Einars, nema þau stöfuðu af slysi. Hinar miklu yfirheyrslur í máli þessu hafi leitt í ljós, að öllum á skipinu hafi verið gersamlega ókunnugt um, að nokkuð hafi komið fyrir Einar, þegar þeir horfðu upp á hann kveljast af hinum miklu veikindum um borð í Bergvíkinni 17. mars. Læknirinn, sem kom á staðinn, hafi spurt Einar um áverka og Einar hafi svarað neitandi. Skipstjórinn hafi spurt menn sína og þeir hafi ekkert vitað. Þetta hafi verið rætt á leiðinni frá sjúkrahúsinu í Keflavík og þá hafi þeir munað eftir, að annar háseti hafi nokkrum dögum áður fengið í sig stein af neti, en ekkert hafi verið talað um, að Einar hefði fengið járnhurðina á sig. Síðan verði þetta altalað og greinilegt sé, enda viðurkennt af skipsmönnum, að þeir hafi

rætt þetta sín á milli og viljað aðstoða fjölskyldu Einars við að ná bótum í áfalli þessu. Fimm skipverjanna hafi fullyrt 24. mars í vottorðum, að Einar hafi orðið fyrir höfuðhöggi af járnhurð 13. mars, og vottorðin hafi verið lögð fram í sjóprófi og staðfest þar af fjórum þeirra, þeim Antoni Hjörleifssyni, Gunnari Bílddal, Kristófer Þorvarðssyni og Eiríki Guðbjartssyni. Í sjóprófinu hafi komið fram, að þeir hafi ekki séð þetta, en þeir hafi ályktað þetta, og þeir þeirra sögðu, að Einar hefði sagt þeim, að járnhurðin hefði skolið á höfuð honum. Síðari vitnaleiðslur hafi leitt í ljós, að framburður vitnanna um þetta atriði væri mjög á reiki og óljós og bendi það til, að þeir hafi ályktað þetta eftir á, þ. e. eftir að Einar varð veikur um borð í Bergvíkinni 17. mars, og síðan vilji þeir ekki segja meira en þeir raunverulega vissu. En sú vitneskja sé alls ekki þannig, að talist geti sönnun í dómsmáli. Við þetta bætist, að erfitt sé að gera sér í hugarlund, hvernig Einar, sem sneri baki í hurðina við þetta ákveðna verk og hallaði sér fram, hafi getað fengið hurðina á höfuðið, þótt hún kynni að hafa lent á öxl og upphandlegg, eins og skipverjar þó segja. Þetta sé engan veginn augljóst, og alls ekki líklegt. Ekki hefði farið fram hjá neinum, sem á þilfari voru, ef dráttur netanna hefði stöðvast og Einar hefði legið á netahrúgunni, eins og haldið hefur verið fram, en stýrimaðurinn, Valdimar Birgisson háseti og skipstjórinn í brúnni hafi ekki orðið varir við neitt slíkt og þeim hafi ekkert verið sagt fyrr en eftir áfallið 17. mars. Einar hafi engum öðrum sagt frá þessu, ekki eiginkonu sinni, ekki læknum, sem fyrst kom og stundaði hann fyrstu dagana, ekki læknum á Landspítala, sem stunduðu hann í tvo næstu daga, og hafi hann þó verið með góðri meðvitund og sagt sjúkrasögu sína, ekki bróður sínum Magnúsi, sem hafi komið til hans oft á sjúkrahúsið, og fékk að vita um slíka sögusögn, áður en farið var til Osló 21. mars, ekki bróður sínum Ólafi, sem hafi skráð sjúkrasögu hans í Osló við komuna þangað og heyrð frá Magnúsi sögu um, að Einar hefði fengið járnhurð í öxlina, en „að því er virtist“ ekki á höfuðið. Engum læknum hafi verið sagt frá þessu, meðan Einar var enn á sjúkrahúsum á Íslandi til 21. mars, og hafi skipverjar þó vitað, að læknir hefði einmitt spurt um slíkt. Allt þetta bendi til þess, að óljósar fregnir um, að járnhurðin hafi slegist í Einar, hafi orðið að fregnum um, að hurð þessi hafi lent á höfði hans. Slíkt sé ekki upplýsingar vitna um staðreyndir, sem unnt sé að leggja til grundvallar í dómsmáli.

Ósannað sé í máli þessu, að áfall Einars 17. mars sé afleiðing

af höfuðáverka, þótt talið væri, að slíkur höfuðáverki hafi átt sér stað 10. mars. Hr. Ole B. Styri, yfirlæknir í Osló, sérfræðingur í slíkum sjúkdómum, hafi sagt, að ekki væri hægt að útiloka þann möguleika, að æðaskemmd hafi átt upphaf sitt við höfuðsköddun og hafi leitt til, að æðin rifnaði með kröftugri heilablæðingu 17. mars og 24. mars í Osló. Þetta álit læknisins, sem þó hafi verið sagt, að Einar hefði fengið þunga járnhurð í höfuðið og að hann hafi við það misst meðvitund stutta stund, sé eina, sem unnt sé að segja um slíkt orsakasamband, þ. e. að þetta geti hafa gerst. Líkur séu hvorki á móti né með og slík læknisfræðileg vitneskja sé ekki nægileg til að sýna orsakasamband í dómsmáli. Heilablæðing sé algengt fyrirbæri og læknisfræðin hafi ekki skýringar á öllum orsökum hennar. Í máli þessu hafi læknum verið gefnar rangar eða villandi upplýsingar og Læknaráð Íslands hafi afgreitt málið án nokkurra röksemda, að því er virðist með gögn stefnanda eingöngu í huga.

Jafnvel þótt ekki yrði fallist á þessar röksemdir stefndu, sé ljóst, að í máli þessu séu ekki skilyrði að lögum fyrir bótaábyrgð stefndu vegna veikinda Einars, þar sem hann hafi umrætt sinn verið að vinna venjulegt starf við venjulegar aðstæður. Járnhurðin hafi verið laus, en unnt hafi verið að binda hana fasta, ef menn töldu ástæðu til. Þetta hafi því ekki verið vanbúnaður á skipinu og þarna hafi ekki verið slæleg verkstjórn, hvað þá að hún hafi verið stórháskaleg. Yrði talið, að þrátt fyrir þetta bæru stefndu ábyrgð á tjóni Einars, hljóti eigin sök Einars að vega þar þungt á móti. Hugleiðingum stefnanda um hlutlæga ábyrgð stefndu er sérstaklega mótmælt.

V. Niðurstaða.

Telja verður í ljós leitt með vottorðum Veðurstofu Íslands og framburðum aðilja og vitna, að netin hafi verið dregin aftur í bakborðsgang skipsins 10. mars, en ekki 13. mars 1970.

Þegar virtur er framburður vitna í máli þessu um það, að Einar Hallgrímsson hafi við það tækifæri fengið höfuðhögg af járnhurðinni, kemur eftirfarandi í ljós:

Eiríkur Guðbjartsson kveðst hafa séð Einar liggja á neta-trossum og halda um höfuðið. Hann hafi spurt Gunnar Bílddal, hvað gerst hefði, og Gunnar hafi sagt honum, að járnhurðin hefði skolið á höfuð Einari. Gunnar Bílddal kannaðist ekki við það hér fyrir dómnum að hafa sagt Eiríki þetta né að Eiríkur hefði spurt hann. Gunnar Bílddal hefur hér fyrir dómnum bor-

ið, að hann hafi sjálfur ályktað, að hurðin hafi lent á höfði Einars, en Einar hafi aldrei sagt honum það. Hvorugt þessara vitna verður því talið bera um, að hurðin hafi lent á höfði Einars, en með framburði annarra vitna verður eigi gengið fram hjá framburði þessara tveggja um, að Einar hafi legið á netatrossu og farið frá verki. Kristófer Þorvarðsson hefur borið, að Einar hafi komið aftur í borðsal og eldhús og sagt, að hann hefði meitt sig illa á hurðinni, og að Einar hafi þá sagt honum, að hurðin hafi lent á höfði hans, „enda hafi Einar haldið um höfuð sér“, eins og bókað var 15. maí 1972. Anton Hjörleifsson bar hér fyrir réttinum, að Einar hefði sagt sér, að hurðin hefði lent á höfði hans, nánar spurður sagði hann, „ . . . sko ég man þetta náttúrulega ekki alveg, en meiningin var sú, að hann hefði fengið þetta á höfuðið og öxlina.“ Gunnar Ásmundsson sagði, að Einar hefði sagt sér, að hurðin hefði lent á höfði hans, en nánar aðspurður sagði Gunnar hér fyrir réttinum 25. nóvember 1974: „Hann sagði, að hún hefði komið á sig, ég man ekki, hvort hún kom hérna einhvers staðar og þá hlýtur hún að hafa komið einhvers staðar hérna.“ Dómari spurði þá: „Á hægri öxl?“ og Gunnar svaraði: „Ég man það ekki“. Dómari spurði: „Og höfuðið?“, en Gunnar svaraði: „Ég man það ekki.“

Með framburðum þessara vitna verður talið í ljós leitt, að Einar hafi af einhverjum ástæðum lagst á netahrúgu á þilfari fyrir framan járnhurðina og að þær ályktanir hafi því verið dregnar, að hurðin muni hafa slegist í höfuð honum og öxl. Enginn sá, að hurðin slóst í hann, og voru þó tveir menn nálægt Einari við starfið og aðrir skipverjar á þilfari við netadráttinn. Einar hefur aldrei sagt frá því sjálfur, eftir að hann fékk heilablæðinguna 17. mars, en af dagannál á dskj. nr. 98 verður að álykta, að hann hafi 21. mars í Osló verið spurður, hvort hann hafi orðið fyrir áverka og að laus hurð hafi þá verið nefnd. Þótt hurðin kunni að hafa slegist í Einar, er erfitt fyrir sérfróða og vana menn að hugsa sér, hvernig hún hafi getað lent á höfði hans við þessar aðstæður. Telja verður, að framburður vitna skeri ekki úr um þetta. Ber því að athuga, hvort læknisfræðileg gögn og rök styðji framburð vitnanna um þetta atriði og ályktanir þær, sem vitnin drógu.

Upplýst er, að heilablæðing Einars hafi orðið á æðinni „arteria anterior communis“ og að á æðinni hafi sést „óregluleg útþaning“ eða „aneurysm“. Slík heilablæðing flokkast undir „subarachnoid“ heilablæðingu eftir staðsetningu blæðingarinnar. Læknisfræðin skiptir heilablæðingum í fjóra flokka eftir upptökum þeirra:

1. blæðing yfir ytri heilahimnu (extradural), 2. blæðing undir ytri heilahimnu (subdural), 3. blæðing undir innri heilahimnu (subarachnoid) og 4. blæðing inni í heilanum (intracerebral). Fyrsti flokkurinn á alltaf og annar flokkurinn á oftast upptök sín af höfuðáverkum, en það verður ekki sagt um þann fjórða né heldur um blæðingu eins og í máli þessu greinir. Gögn þau og ritgerðir, er stefnandi hefur lagt fram í máli þessu, fjalla flest um stíflun í miðhjarnaslagæð, sem ekki kemur til í máli þessu, tvær ritgerðanna fjalla almennt um skemmdir á heilaæðum af áverkum, en ekki um tilvik svipað þessu. Ein greinin fjallar um blæðingu í beinum tengslum við höfuðkúpubrot, þar sem blæðing varð á brotlínu. Engin ritgerða þessara né gagna fjalla þannig um skemmdir á æð svipað því, sem mál þetta fjallar um. Læknaráð Íslands hefur ekki rökstutt álit sitt um, að „samkvæmt því, sem ritað hefur verið um svipuð tilvik í lækna-rit, megi telja yfirgnæfandi líkur til þess, að núverandi heilsuleysi Einar Hallgrímssonar sé afleiðing höfuðáverka þess, sem um ræðir“, þrátt fyrir ítrekun dómsins, og er því ekki unnt að taka afstöðu til álits ráðsins á annan hátt en með vísan til almenningar vitneskju sérfræðinga læknisfræðinnar um slíkar heila-blæðingar. Í máli þessu verður að byggja á því, að blæðingin hafi orðið frá aneurysma þeim eða óreglulegu útþaningu, sem sást á fyrrnefndri tengiæð. Í málinu er ekki vitað, á hvern hátt sjálf blæðingin hefur myndast. Af útliti aneurysmans verður ekki ráðið, hvort hann er meðfæddur eða ekki, en almennt er talið, að *staðsetning* hinnar sködduðu æðar í þessu tilviki bendi til, að um meðfæddan galla sé að ræða. Læknar hafa upplýst, að þessi blæðing geti hafa byrjað vegna meðfæddra galla á æðinni og einnig að hún geti hafa byrjað frá skemmdum, sem gerst hafi á æðinni af höfuðhöggi. Þegar meta skal, hvort líkur séu fyrir því, að blæðingin hafi komið af höfuðhöggi, verður að athuga, hvort slík tilvik þekkist yfirleitt og þá tíðni þeirra. Dr. Ole B. Styri yfirlæknir kveðst þekkja til „intracerebrale“ og „subarachnoidal“ heilablæðinga, sem gerst hafi nokkrum dögum eftir höfuðáverka. Þrátt fyrir þetta er ekki kunnugt um lækna-rit, þar sem greint er frá slíkum tilvikum. Hvorki er vitað til, að þung eða snögg höfuðhögg hafi orsakað slíkar skemmdir á þessari æð, sem um ræðir, né að slíkar blæðingar frá aneurysma hafi komið í ljós á eftir höfuðhöggum í einhverjum mæli, þannig að unnt sé að meta líkur fyrir slíkum orsakatengslum. Gegn líkunum fyrir því, að þarna sé um meðfæddan galla á æðinni að

ræða, sem byggist á staðsetningu gallans, er því eigi unnt að ræða líkur fyrir því, að gallinn sé af áverka. Almennt er talið, að blæðing geti gerst í meðfæddri skemmd án sérstakra tilgreindra orsaka, og jafnframt að menn með slíkar meðfæddar skemmdir geti verið hraustir og lifað við góða heilsu, þar til blæðing gerist. Slíkur meðfæddur galli er ekki arfgengur og á heldur ekkert skylt við sjúkdóm þann, sem hálsystkin Einars hafa þjáðst af.

Af þessu leiðir, að ekki verður talið, að framburður vitnanna um, að Einar Hallgrímsson hafi hlotið höfuðhögg af járnhurðinni, verði studdur læknisfræðilegum líkum, og verður því að telja ósannað, að Einar Hallgrímsson hafi hlotið höfuðáverka þann, sem haldið er fram af stefnanda í máli þessu.

En af þessu leiðir einnig, að jafnvel þótt talið væri upplýst eða sannað, að Einar hafi hlotið höfuðhögg af járnhurðinni 10. mars, yrði ekki unnt að leiða líkur að því, að slíkt högg hafi orsakað heilablæðinguna. Til þess skortir læknisfræðilegar líkur, hvort sem litið er á orsök sjálfra skemmdanna á æðinni eða orsök blæðingarinnar frá meðfæddum galla. Þá er og haft í huga, að höfuðhöggið hefði ekki getað verið svo mikið, þar sem fregnir af því voru svo óljósar, og einnig, að hugsanlegt er, að höfuð-ópægindi þau, er Einar sagði 21. mars í Osló, að hefðu hrjáð hann mánuðinn fyrir áfallið, hafi getað stafað frá meðfæddri skemmd á heilæðinni og verið undanfari blæðingarinnar. Einnig er haft í huga, að vikutími leið frá því, að Einar átti að hafa fengið höfuðhöggið, þar til hann fékk heilablæðinguna um borð í v/s Bergvík, og væri því ekki, tímans vegna, um augljós tengsl milli þessara tveggja atburða að ræða.

Af þessum sökum verður að telja, að ósannað sé í máli þessu, að veikindi Einars eigi rætur að rekja til þess, sem stefnandi heldur fram, og ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Við mat á því, hver beri málskostnað í máli þessu, verður að hafa allan aðdraganda málsins í huga. Þegar þess er gætt, að skipstjórinn, stefndi Ólafur Ragnar Sigurðsson, lét ekki fara fram sjópróf, þegar hann heyrði 19. mars 1970, að Einar mundi hafa fengið höfuðhögg af járnhurðinni, og einnig að skipstjóri tilkynnti ekki læknum, hvorki á sjúkrahúsi Keflavíkur né á Landspítala um þessar upplýsingar, sem hefði verið mjög þýðingarmikið í þessu máli, er rétt, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Skipaður talsmaður stefnanda, Sigurður Reynir Pétursson

hæstaréttarlögmaður, hefur lagt fram sundurliðaðan málskostnaðarreikning að fjárhæð kr. 711.099, þ. e. málflutningslaun skv. taxta LMFÍ, kr. 630.000, og útlagður kostnaður, kr. 81.099. Verður reikningur yfir útlagðan kostnað tekinn til greina með kr. 80.000, en málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda þykja hæfilega ákveðin kr. 470.000. Málskostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, samtals kr. 550.000.

Dóm þennan kváðu upp Garðar Gíslason, settur borgardómari, Guðmundur Hjaltason, fyrrv. skipstjóri, og Kristinn Guðmundsson lækni.

Dómsorð:

Stefndu, Ólafur Ragnar Sigurðsson, Karl Helgason og Magnús Ásgeirsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Valgerðar Helgadóttur f. h. eiginmanns síns, Einars Th. Hallgrímssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Málskostnaður stefnanda ákveðist kr. 550.000 og greiðist úr ríkissjóði. Af þessari fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Sigurði Reyni Péturssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 470.000.

Föstudaginn 28. mars 1980.

Nr. 205/1978. Grétar Haraldsson og
Pengill s/f

(Grétar Haraldsson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur V. Jósefsson hrl.).

Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.